



ÁRSSKÝRSLA 2010



EFNISYFIRLIT

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	3
ELDGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI	8
STARFSEMI ÁRSINS 2010	10
SAMEINING FLUGSTOÐA OG KEFLAVÍKURFLUGVALLAR	10
LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	12
REKSTUR OG AFKOMA	14
FLUGUMFERÐ Á ÁRINU	16
FLUGTÖLUR	18
FJÁRMÁLASVIÐ	20
FLUGLEIÐSAGA	26
FLUGVELLIR OG MANNVIRKI	32
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR	38
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR	42
FRÍHÖFNIN	44
TERN SYSTEMS	46
ÁRSREIKNINGUR 2010	48

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Alþingi setti hinn 29. desember 2009 lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélagsanna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í nýtt opinbert hlutafélag sem tæki yfir öll réttindi og skuldbindingar yfirteknu félagsanna sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands og lögum nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

Bann 29. janúar 2010 var á grundvelli laganna stofnað félag, sem til bráðabirgða var gefið nafnið Flug-Kef ohf. Aðalstöðvar félagsins eru á Reykjavíkurflugvelli. Fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, nú innanríkisráðherra, hefur faglegt eftirlit með starfseminni og annast samskipti við félagið vegna þjónustusamnings við ríkið.

TILGANGUR FÉLAGSINS ER

- a. að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa og aðra skylda starfsemi
- b. að annast rekstur og uppbyggingu flugvallar, rekstur fasteigna, svo og aðra skylda starfsemi, þar á meðal rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar auk hagnýtingar flugvallarsvæðisins í þágu öryggis- og varnartengdrar starfsemi og alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins
- c. að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu

d. að annast starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvallar og flugstöðva og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar

e. að fara með réttindi og annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasambýkktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki þar með talið vegna alþjóðaflugþjónustunnar

Ennfremur skal félaginu vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t. er heimil þátttaka í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar. Þá er félaginu heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

Á stofnfundinum var kjörin sjö manna aðalstjórn og sjö til vara. Aðalmenn voru kosnir: Arnbjörg Sveinsdóttir bæjarfulltrúi og varaþingmaður, Arngrímur Jóhannsson flugstjóri, Ásta Rut Jónasdóttir viðskiptafræðingur, Jón Norðfjörð framkvæmdastjóri, Rannveig Guðmundsdóttir, fv. alþingismaður og ráðherra, Ragnar Óskarsson framhaldsskólakennari og Þórólfur Árnason verkfræðingur.

Í varastjórn voru kosin Ásgeir Magnússon, Guðný María Jóhannsdóttir, Hjörtur M. Guðbjartsson, Jónas Bjarnason, Margrét Kristmannsdóttir, Ólafur Sveinsson, og Sigrún Pálsdóttir.

Á fyrstu fundum skipti stjórnin með sér verkum og var Þórólfur Árnason kjörinn formaður og Rannveig Guðmundsdóttir varaformaður. Forstjóri félagsins var ráðinn Björn Óli Hauksson sem hafði verið forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf. Tók hann til starfa 1. maí 2010 eða sama dag og félagið tók formlega við rekstri Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

Á framhaldsstofnfundi 29. apríl 2010 voru Dagný Halldórsdóttir og Jóhanna Harpa Árnadóttir kjörnar í varastjórn í stað Guðnýjar Maríu Jóhannsdóttur og Margrétar Kristmannsdóttur. Á framhaldsstofnfundinum var einnig samþykkt að félagið skyldi bera nafnið Isavia sem áður var notað af Flugstoðum á erlendum vettvangi.

Stjórnin hefur haldið 20 fundi frá stofnun félagsins, þar af 16 á árinu 2010. Reglulegir fundir stjórnar eru síðasta fimmtudag í hverjum mánuði. Varamenn voru boðaðir sérstaklega á desemberfundinn þegar rekstraráætlun félagsins fyrir 2011 var til umfjöllunar.

Stjórnin hefur sett sér það markmið að heimækja og halda stjórnarfundum í helstu starfsstöðvum félagsins um landið með reglulegu millibili. Stjórnarfundur var haldinn á Egilsstöðum 1. október 2010, Akureyri 26. mars 2011 og í Vestmannaeyjum 1. apríl s.l. Hefur tilhögun fundanna gefist vel, stjórnin hefur hitt starfsmenn á umræddum stöðum og kynnst starfsemi í meira návígi en ella. Stjórnarfundir eru að öðru leyti haldnir til skiptis í aðalstöðvum félagsins á Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvelli.

HELSTU VERKEFNI STJÓRNAR

Undirbúningur að samruna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í nýtt félag var langfyrirferðarmesta verkefni stjórnar á fyrsta starfsári. Um þrjú mánuðir liðu frá stofnun Isavia fram að samruna félaganna og var Þórólfur Árnason í fullu starfi við að stýra sameiningarvinnunni.

Sameining svo umsvifamikilla fyrirtækja á svo stuttum tíma kostaði mikið átak og krafðist útsjónarsemi og þrautseigju þeirra fjölmörgu stjórnenda og starfsmanna sem komu að verk-

inu. Er það mat stjórnarinnar að á heildina lit- ið hafi sameining Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í Isavia ohf. tekist mjög vel.

Rekstrarniðurstaða sameinaðs félags fyrir árið 2010 er betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stöður allra lykilstjórnenda eru mannaðar samkvæmt nýju skipuriti sem tók gildi í september 2010. Öll verkefni félagsins hafa verið framkvæmd í samræmi við ríkar öryggiskröfur sem um þau gilda og leyfisskyld starfsemi félagsins hefur gengið hnökralaust. Öll nauðsynleg starfsleyfi og flugvallarskírteini voru tilbúin við samrunann en útgáfa þeirra af hálfu Flugmálastjórnar er skilyrði þess að félagið fái að reka flugvelli og flugleiðsöguþjónustu. Eldgosið í Eyjafjallajökli, sem hófst rétt fyrir formlegan samruna félaganna, dró fram styrk hins nýja félags með afgerandi og eftirminni- legum hætti. Verðandi starfsmenn hins nýja félags tókust á við fordæmalausar aðstæður í rekstri flugsamgangna og leystu verk sín með miklum sóma. Náttúruhamfarirnar áttu þannig sinn þátt í að þjappa starfsmönnum saman og skapa sterka liðsheild og voru í raun sannkölluð „eldskírn“ hins nýja félags.

ÚTTEKT RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun gerði sérstaka stjórnisýslu- úttekt á sameiningu félaganna sem birt var í skýrsluformi í október 2010. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að sameiningin hefði að flestu leyti gengið ágætlega en bent var á nokkur atriði sem betur hefðu mátt fara.

FJÁRHAGUR FÉLAGSINS

Eftirlit með fjárhag hlutafélaga er stærsta verkefni stjórna þeirra. Isavia er þar engin undantekning. Erfiðar efnahagsaðstæður hafa knúið ríkissjóð, sem eiganda félagsins, til þess að draga úr samningsbundnum rekstrarfram-

lögum og leggja auk þess álögur á reksturinn. Félagið brást við vandanum af festu með aukinni hagræðingu og hækkun notendagjalda. Rekstur félagsins er í jafnvægi en fjármunamyndun er enn ekki nægileg til þess að standa undir nauðsynlegri endurnýjun flugvallarmannvirkja og flugleiðsögutækja til framtíðar. Viðfangsefni félagsins næstu misseri verður að tryggja fjármagn til fjárfestinga en Isavia er þó ekki eina ríkisfyrirtækið sem glímir við þennan vanda í kjölfar efnahagskreppunnar. Langan tíma mun taka að byggja upp fjárhag félagsins en stefnan er mörkuð og við munum halda ótrauð áfram við að byggja upp sterkt og öflugt flugvalla- og flugleiðsögufélag.

STEFNUMÓTUN

Stefnumótun fyrir hið nýja félag hófst strax í maí á síðastliðnu ári. Farið var yfir hlutverk félagsins, gildi þess og framtíðarsýn. Stjórn og starfsmenn lögðust á eitt undir leiðsögn sérfræðinga frá fyrirtækinu Expectus og luku starfinu að mestu í ágústmánuði. Gildi félagsins eru öryggi, samvinna og þjónusta og um hlutverk félagsins segir: „Við veitum flugrekendum, aðilum sem þarfnast nálægðar við flugvelli og viðskiptavinum okkar og þeirra örugga og þægilega þjónustu með rekstri flugvalla, flugstöðva og flugleiðsögu ásamt tengdri starfsemi. Þjónusta okkar miðar að því að vera örugg, hagkvæm og í hæsta gæðaflokki í alþjóðlegum samanburði.“ Framhaldsvinna fór fram með vinnufundum einstakra rekstrareininga og nú er unnið markvisst að því að innleiða stefnuna innan fyrirtækisins. Sem hluti af stefnumörkun félagsins var ákveðið að það gerðist aðili að Samtökum ferðaþjónustunnar sem er aðili að Samtökum atvinnulífsins. Með því er undirstrikað að félagið er hluti af ferðaþjónustunni í landinu og er reyndar þegar þetta er ritað annað stærsta félagið innan þeirra samtaka.

JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Félagið hefur sett sér jafnréttisstefnu og metnaðarfulla jafnréttisáætlun. Tilgangurinn er að tryggja fyllsta jafnrétti milli kvenna og karla á vinnustöðum félagsins með það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

Það er mat stjórnar að stofnun Isavia og samruni Flugstöða og Keflavíkurflugvallar hafi gengið vel. Þá má fullyrða að rekstur félagsins hafi gengið vonum framar á árinu 2010 þegar tekið er tillit til ýmissa atriða sem voru félaginu mótþræg. Framtíð félagsins þegar á heildina er litið er björt.

Fyrir hönd stjórnar Isavia ohf.

Þórólfur Árnason formaður



Stjórn og forstjóri Isavia, efri röð frá vinstri: Björn Óli Hauksson, Arngrímur Jóhannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ragnar Óskarsson, Jón Norðfjörð. Neðri röð frá vinstri: Ásta Rut Jónasdóttir, Þórólfur Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir.

ELDGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI


Eldgosið í Eyjafjallajökli hafði mikil áhrif á rekstur Isavia á fyrsta starfsári félagsins. Á þeim tíma sem eldgosið stóð tókst starfsfólk félagsins á við fordæmislausar aðstæður og leysti þau mál sem upp komu með miklum sóma. Færa þurfti millilandaflug frá Keflavíkurflugvelli til Akureyrar og Egilsstaða auk þess sem gríðarleg aukning varð á umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið þegar líða tók á eldgosið.



ELDGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

Eldgosið í Eyjafjallajökli olli umfangsmestu röskun á millilandaflugi til og frá Íslandi sem um getur. Óhætt er að fullyrða að sú aðgerð að tryggja flug til og frá landinu á meðan eldgosið stóð, hafi tekist vel.

Askan úr Eyjafjallajökli hafði ekki bara áhrif á millilandaflugið heldur einnig flugumferðina í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Eldgosið hafði áhrif á stóran hóp starfsmanna Isavia, allir sem komu að aðgerðinni unnu óeigingjarnt starf og létu hlutina ganga upp. Starfsmenn Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, sem nú starfa hlið við hlið undir merkjum Isavia hófu samstarf sitt á afar eftirminnilegan máta.



Gífurlega margir erlendir fjölmiðlar, alls staðar frá í heiminum höfðu samband við Isavia frá því eldgosið byrjaði og áttu þeir margir erfitt með að trúá því fyrstu daga eldgossins að á Íslandi gengi allt sinn vanagang og að allir flugvelli væru opnir á meðan flugumferð í Evrópu væri meira og minna úr skorðum gengin vegna gossins.

Ekki kom til þess að allir millilandaflugvelli á Íslandi lokuðust samtímis nema í örfáar klukkustundir á meðan eldgosið stóð.



Á tímabilinum 22. til 29. apríl annars vegar og 8. til 14. maí hins vegar voru miklar annir á Akureyrarflugvelli og óvenjuleg sýn blasti við bæjarbúum á hverjum degi þar sem nokkrar Boeing þotur stóðu á flughlaðinu.



Hugsa þurfti út fyrir kassann til að leysa ýmis vandamál sem fylgdu flutningi millilandaflugsins, til að mynda fékk flugskýli á Akureyrarflugvelli hlutverk biðsalar fyrir farþega.

APRÍL

- 14. APRÍL • Eldgosið í Eyjafjallajökli hófst að morgni 14. apríl. Gosaskan hafði afdrifarík áhrif á flugumferð í Norður-Evrópu. Fyrst um sinn hafði askan ekki áhrif á opnun flugvallar á Íslandi.
- 16. APRÍL • Þann 16. apríl hófst undirbúningur að gerð viðbragðsáætlunar sem miðaði að því að tryggja aukinn aðbúnað og aðstöðu til þess að unnt væri að flytja miðstöð millilandaflugs frá Keflavík til Akureyrar og Egilsstaða.
- 22. APRÍL • Það var svo ekki fyrr en 22. apríl sem millilandaflug fluttist frá Keflavíkurflugvelli til Akureyrar og Egilsstaða. Þeir flutningar tókust á merkilega stuttum tíma með samstilltu átaki margra aðila. Þetta tímabil stóð til 29. apríl.



Á meðan á eldgosinu stóð lokaðist Keflavíkurflugvöllur í tíu daga – þó ekki alla heila daga og ekki í röð.

Þegar leit út fyrir aðaska myndi leiða til lokunar Keflavíkurflugvallar var aðgerðastjórn Flugstoða og Keflavíkurflugvallar virkjuð í flugturninum í Reykjavík. Meginhlutverk aðgerðarstjórnarinnar var að tryggja stjórn og samþæfingu aðgerða í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.



Á þeim tíma sem Akureyrarflugvöllur var helsti millilandaflugvöllur Íslands fóru alls 9.639 farþegar með 48 flugvélum sem lentu á flugvöllinum. Starfsmenn flugvallarins þurftu því margir hverjir að sinna nýjum og óvenjulegum hlutverkum á meðan á þessu tímabili stóð.



Biðraðir mynduðust við innritun á Akureyrarflugvelli. Þrátt fyrir það gekk allt vel fyrir sig.



Egilsstaðaflugvöllur var einnig notaður fyrir millilandaflug á þessu tímabili en vegna fjarlægðar við Reykjavík var völlurinn á Akureyri meira nýttur. Fimm þotur lentu á Egilsstaðaflugvelli á meðan eldgosinu stóð.



Í byrjun maí fór nær öll flugumferð á Norður-Atlantshafinu, sem á venjulegum degi fer um fjögur mismunandi flugstjórnarsvæði, um íslenska flugstjórnarsvæðið.



MAÍ

7. MAÍ • Þann 7. maí breyttust háloftavindar og um leið breyttist öskudreifingin frá eldstöðinni. Þetta hafði í för með sér að nær öll flugumferð á Norður-Atlantshafinu flaug um íslenska flugstjórnarsvæðið, flugumferðarmet var slegið í fjörgang á þeim fimm sólarhringum sem þetta ástand varði.

8. MAÍ • Daginn eftir eða 8. maí fluttist millilandaflug á nýjan leik frá Keflavíkurflugvelli. Því tímabili lauk 14. maí.

Í lok maí færðist flug á Íslandi að mestu leyti í eðlilegt horf.



SAMEINING FLUGSTOÐA OG KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

Fyrsta dag maímánaðar árið 2010 sameinuðust opinberu hlutafélögin Flugstoðir og Keflavíkurflugvöllur í eitt félag sem fékk nafnið Isavia ohf.

Flugstoðir ohf. starfaði frá ársbyrjun 2007 og annaðist rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og landingarstaða landsins utan Keflavíkurflugvallar ásamt flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir innanlands og fyrir alþjóðaflug. Keflavíkurflugvöllur ohf. starfaði frá ársbyrjun 2009 og annaðist rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar, þjónustu við flugrekendur og hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála.

Með sameiningu félaganna tveggja í Isavia ohf. var lagður grundvöllur að nýrri starfsemi og þjónustu á sviði flugs og viðskipta. Fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu en innanríkisráðherra hefur faglegt eftirlit með starfsemi.

Við samruna félaganna lét Þorgeir Pálsson forstjóri Flugstoða af störfum en Björn Óli Hauksson rekstrarverkfræðingur og fyrrum forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf. tók við stjórn hins nýja félags.

Fyrsta starfsár félagsins hefur einkennst af umfangsmikilli vinnu við sameiningu, endurskilgreiningu og samræmingu verkefna.

Upplýsingakerfi félaganna voru mjög ólík og samræma þurfti notkunarreglur,

öryggismál, mannauðskerfi, tímaskráningarkerfi og launakerfi. Einnig var unnið að samræmingu á ýmsum vinnureglum og starfsháttum.

Nokkrum dögum fyrir sameininguna hófst eldgos í Eyjafjallajökli sem hafði gífurleg áhrif á starfsemi Flugstoða og Keflavíkurflugvallar og segja má að samruni félaganna hafi þá strax hafist af miklum krafti. Sett var upp öflug aðgerðarstjórn með þátttöku allra helstu hagsmunaðila sem samræmdi og stjórnaði aðgerðum af mikilli röggsemi svo halda mætti uppi flugsamgöngum.

SKRIFSTOFA YFIRSTJÓRNAR

Með sameiningu félaganna í Isavia var komið á fót sérstakri stoðdeild við stjórn félagsins, forstjóra og rekstrarsvið undir heitinu skrifstofa yfirstjórnar. Hlutverk hennar er að vinna að hverskonar verkefnum sem varða stefnumótun og samræmingu á starfsemi rekstrarsviða á borð við lögfræðileg verkefni, samskipti við ráðuneyti, samningagerð og alþjóðleg þróunar- og rannsóknarverkefni. Þar er einnig umsjón með samræmingu og stefnumörkun í flugvallarþjónustu og flugvernd hjá félaginu, skipulags- og sveitarstjórnarmálum, umsýslu vegna stjórna Isavia ohf., Fríhafnarinnar ehf. og Tern hf., gerð þjónustusamninga ásamt almannatengslum og umsjón með útgáfustarfsemi, heimasíðu, varnartengdum verkefnum og skjalavistun.

Framkvæmdaráð Isavia: Frá vinstri: Hjördís Guðmundsdóttir, Haukur Hauksson, Hlynur Sigurðsson, Helga R. Eyjólfsdóttir, Ásgeir Pálsson, Ómar Sveinsson, Stefán Jónsson, Sigurður Ólafsson, Björn Óli Hauksson, Friðþór Eydal, Ingunn Ólafsdóttir og Elín Árnadóttir.



Staðla- og gæðadeild Isavia starfar í tengslum við skrifstofu yfirstjórnar og annast heildarskipulagningu og samhæfingu öryggis- og gæðamála. Starfsleyfi Flugmálastjórnar Íslands fyrir flugleiðsöguþjónustu Flugstoða og Keflavíkurlflugvallar voru sameinuð á síðastliðnu ári en starfsleyfi flugvalla voru gefin út óbreytt til Isavia. Samræma varð verkferla og kerfi í flugleiðsögu og flugvallarrekstri ásamt öryggis- og gæðastjórnunarkerfi félagsins svo tryggt sé að mannvirki, búnaður og hæfni starfsfólks sé í samræmi við íslenskar og alþjóðlegar kröfur og skuldbindingar. Öryggis- og gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins er byggt upp samkvæmt staðlinum ISO 9001.

HLUTVERK ISAVIA

Isavia rekur alla flugvelli á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er um 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð. Félagið tryggir flugöryggi og flugvernd í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir og að starfsemi félagsins njóti viðurkenningar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Stöðugildi hjá samstæðunni allri voru að jafnaði um 660 en starfsmenn voru alls um 870 þegar mest var umleikis sumaríð 2010. Félagið leggur áherslu á að hafa jafnan á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsliði. Isavia starfar eftir starfsleyfi frá Flugmálastjórn Íslands.



LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

ÚR REKSTRARREIKNINGI

Tekjur	14.136
EBITDA	3.045
EBIT	1.723
Fjármunatekjur/gjöld	843
Hagnaður fyrir skatta	2.567
Rekstrarhagnaður	2.125

ÚR EFNAHAGSREIKNINGI

Varanlegir rekstrarfjármunir	22.017
Eignir	32.069
Eigið fé	10.302
Vaxtaberandi skuldir	18.348
Veltufjárhlutfall	1,01

ÚR SJÓÐSSTREYMI


Rekstrarhreyfingar	1.590
Fjárfestingahreyfingar	-715
Fjármögnunarhreyfingar	-1.247
Handfært fé í lok tímabils	1.506

KENNITÖLUR

Framlegðarhlutfall rekstrar	22%
Hagnaðarhlutfall	15%
Veltuhraði eigna	0,43
Arðsemi eiginfjár	23%
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár	0,38
Eiginfjárhlutfall	32%


Fjárhæðir í milljónum króna

Tekjur samstæðunnar




- Tekjur af flugvallabjónustu
- Fasteignatekjur
- Vörusala
- Tekjur vegna alþjóðaflugbjónustu
- Aðrar tekjur

Tekjur af flugvallabjónustu skiptast þannig



- Bjónustusamningur við IRR
- Lendingargjöld
- Flugverndargjöld
- Farþegagjöld
- Önnur gjöld

Rekstrarkostnaður



- Kostnaðarverð seldra vara
- Laun og annar starfsmannakostnaður
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Afskriftir

REKSTUR OG AFKOMA

Samstæðuársreikningur Isavia fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Keflavíkurflugvöllur birti reikningsskil sín með þeim hætti en ekki Flugstoðir.

Félagið var stofnað með 10 milljón króna hlutafé. Stofnfærsla frá Flugstoðum var 2,4 milljarðar króna og 5,9 milljarðar króna frá Keflavíkurflugvelli. Breytingar vegna innleiðingar á IFRS leiddu til þess að lækka þurfti eigið fé um 260 milljónir króna og eru það helst niðurfærslur á óefnislegum eignum sem ekki voru samþykktar sem eignir samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu félagsins námu rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2010 um 14.136 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 2.125 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir samstæðunnar um 32.069 milljónum króna. Bókfært eigið fé í lok árs 2010 er um 10.302 milljónir króna og eiginfjárhlutfall félagsins 32%.

Rekstrartekjur Isavia og dótturfélaga samanstanda af notendagjöldum flugrekenda, þ.e. yfirflugsgjöldum, loftrýmisgjöldum, lendingargjöldum og farþegagjöldum, húsaleigu- og rekstrarleyfistekjum ásamt verslunartekjum. Tekjur vegna flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins og hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands og Færeyja nema um 18% af heildartekjum. Þjónustutekjur af flugvöllum landsins eru um 31% af heildartekjum félagsins en stærstu flugvellirnir eru

Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur. Tekjur af þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið námu um 2,5 milljörðum árið 2010. Verslunartekjur eru um 37% af heildartekjum og því ljóst að rekstur Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er mjög mikilvægur tekjustofn. Aðrar tekjur eru fasteignatekjur vegna leigu á aðstöðu á flugvöllum, hugbúnaðarsala, tekjur vegna aðildar Isavia að erlendum verkefnum, útseld vinna og fleira.

Rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnsliða námu 11.092 milljónum króna, þar er kostnaðarverð seldra vara 2.503 milljónir króna sem er um 47,43% af vörusölu félagsins. Launakostnaður er 6.194 milljónir króna sem er um 43,8% af heildartekjum en meðalfjöldi stöðugilda á árinu var um 707. Annar rekstrarkostnaður er 1.777 milljónir króna og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 618 milljónir króna. Þar með talinn er kostnaður vegna sameiningar, um 60 milljónir. Sameining, aðhald og kostnaðarvitund einkenndi rekstur félagsins árið 2010 en aðgerðir í tengslum við eldgosið í Eyjafjallajökli á vormánuðum höfðu í för með sér aukinn kostnað vegna færslu á öllu flugi til Akureyrar þegar Keflavíkurflugvöllur lokaðist um hríð. Kostnaður félagsins að teknu tilliti til tapaðra tekna og yfirflugsgjalda á meðan eldgosið stóð yfir er áætlaður um 120 milljónir króna.



Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði er um 3.045 milljónir króna og er framlegðarhlutfall rekstrar því um 21,5%. Framlegðarhlutfallið þarf að vera 25% - 30% til þess að rekstur samstæðunnar standi undir sér miðað við núverandi fjármagnsskipan. Afskriftir félagsins eru um 1.321 milljónir króna en þar af eru afskriftir óefnislegra eigna, þ.e. afnotaréttur félagsins af flugbrautarmannvirkjum og búnaði sem er á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli, 206 milljónir króna. Helstu eignir félagsins eru Flugstöð Leifs Eiríkssonar, flugstjórnarmiðstöðin og flugturninn á Reykjavíkurflugvelli, ásamt fjarskiptamiðstöð í Gufunesi. Einnig á félagið fasteignir við Háaleitisfluglað á Keflavíkurflugvelli en afskriftir fasteigna eru alls um 466 milljónir króna. Bókfært verð stjórnkerfa, aðflugsbúnaðar og annarra eigna, þ.e. bifreiða, slökkvibifreiða, vinnuvéla og annarra tækja tengdum flugvallarrekstri ásamt fjarskiptabúnaði víða um land er metið á um 3,8 milljarða.

Fjármagnsliðir eru jákvæðir um 843 milljónir króna, þar af eru vaxtatekjur 219 milljónir króna en vaxtagjöld af langtímalánum eru 774 milljónir króna. Meðalvextir núverandi lánasafns félagsins eru um 3,3%. Mikið flökt var á gengi íslensku krónunnar á árinu og nam gengishagnaður félagsins um 1.399 milljónum króna. Hagnaður félagsins fyrir skatta er 2.567 milljónir króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2010 vegna uppsafnaðs taps fyrri ára en reiknaður tekjuskattur er 442 milljónir. Heildarafkoma félagsins er því jákvæð um 2.125 milljónir króna árið 2010.

Árið 2010 einkenndist líkt og þrjú árin þar á undan af miklu aðhaldi í fjárfestingum. Mjög aðkallandi er orðið að ráðast í nokkur fjárfestinga- og stærri viðhaldsverkefni, t.d. að fjölga flughlöðum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Fjárfestingar ársins námu 704 milljónum króna en áætlað er að fjárfesta þurfi fyrir um 1,6 milljarð króna til að viðhalda þeim fjármunum sem bundnir eru í rekstri Isavia. Fjármögnunarhreyfingar eru 1.247 milljónir króna en þar af er afborgun langtímalána 1.237 milljónir króna. Handbært fé í stofnefnahag félagsins var 1.895 milljónir króna og er handbært fé í árslok 371 milljónum lægra en það var í ársbyrjun.

Heildareignir Isavia í árslok 2010 eru bókfærðar á 32.069 milljónir króna. Þar af eru fastafjármunir 28.660 milljónir króna. Nettó skuldir félagsins, þ.e. skuldir að frádregnum veltufjármunum, eru um 18.358 milljónir króna. Lán voru greidd niður á árinu sem nemur 1.247 milljónum króna auk þess sem styrking íslensku krónunnar lækkaði lánastöðu félagsins um 1.269 milljónir króna á árinu. Næsta árs afborganir langtímaskulda nema um 1.357 milljónum króna. Eigið fé félagsins hefur aukist um 2.179 milljónir króna frá stofnun félagsins og var eiginfjárhlutfall í árslok 32% en það var 24,6% við stofnun félagsins.

FLUGUMFERÐ Á ÁRINU

ÍSLENSKA FLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ

Flugumferð um íslenska flugstjórnarsvæðið jókst um 0,8% árið 2010 miðað við árið á undan. Alls fóru 102.275 flugvélar um svæðið eða 280 á dag að jafnaði en voru alls 101.503 árið áður. Mesta umferðin í einum mánuði var í júlí þegar rúmlega 11.600 flugvélar flugu um svæðið eða um 375 flugvélar að meðaltali á dag. Flestar voru vélarnar á einum degi 11. maí en þá flugu 1.019 flugvélar um svæðið. Fækkun varð á fyrri hluta ársins vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Mest varð fækkunin í apríl, um 27% miðað við sama mánuð árið á undan. Um 25% flugumferðarinnar var á leið til eða frá Íslandi sem er svipað hlutfall og árið áður.

FLUGHREYFINGAR

Heildarfjöldi flughreyfinga á flugvöllum Ísavia á árinu 2010 var 150.823 sem er 1,2% aukning frá árinu á undan þegar þær voru alls 149.085.

Flughreyfingum innanlands fjölgaði um 0,7% og varð mesta aukningin í landingum í æfingaflugi sem fjölgaði um 19,2%. Annað flug jókst um 7,1% en 23,4% samdráttur varð í áætlunar- og leiguflugi. Flestar hreyfingar í áætlunar- og einkaflugi voru á Reykjavíkflugvelli eða 50,4%. Þar næst á Keflavíkflugvelli, 24,4%, Akureyrarflugvelli, 10,9%, Vestmannaeyjaflugvelli, 4,1% og Egilsstaðaflugvelli, 2,5%. Aðrir flugvellar voru samanlagt með minna en 2% flughreyfinga.

Flughreyfingum í millilandaflugi fjölgaði um 3,7% á árinu. Mest aukningin var í áætlunarflugi, um 11,1%, en öðrum flughreyfingum milli landa fækkaði um 15,4%.

Langstærsti hluti millilandaflugs fer um Keflavíkflugvöll eða 84,8%. Reykjavíkflugvöllur kemur þar á eftir með 13,1%, Akureyrarflugvöllur, 1,6% og Egilsstaðaflugvöllur með 0,5%.

FARÞEGAFJÖLDI INNANLANDS

Farþegum í innanlandsflugi fækkaði um 9,4% á árinu 2010, úr 815 þúsund í 739 þúsund. Hver farþegi í innanlandsflugi er talinn tvisvar, þ.e. við brottför og komu. Farþegum fjölgaði um 2% á Akureyri en annars staðar fækkaði þeim. Mest varð fækkunin á Bakka 89,7% og í Vestmannaeyjum 52,5%. Í kjölfar opunar Landeyjarhafnar hætti ríkissjóður að styrkja flug milli lands og Vestmannaeyja sem leiddi til minna sætaframboðs. Er það helsta ástæða þeirrar miklu farþegafækkunar sem orðið hefur í Vestmannaeyjaflugi.

Flestir innanlandsfarþegar fara um Reykjavíkflugvöll eða 48,7%. Um Akureyrarflugvöll fara 25,4%, Egilsstaðaflugvöll 12,1%, Ísafjarðarflugvöll 5,9% og Vestmannaeyjaflugvöll 3,6%. Aðrir flugvellar eru með undir 2% hlutdeild.

FARÞEGAFJÖLDI Í MILLILANDAFLUGI

Farþegum í millilandaflugi fjölgaði um 8,9% á árinu, úr 1.698 þúsund í 1.849 þúsund. Langstærstur hluti millilandaþegga fer um Keflavíkflugvöll eða 96,9%. Þar á eftir kemur Reykjavíkflugvöllur með 2,2%, Akureyrarflugvöllur með 0,8% og Egilsstaðaflugvöllur með 0,1%. Af einstökum flugvöllum var hlutfallsleg aukning mest á Akureyri eða 135,8% vegna tímabundinnar lokunar Keflavíkflugvallar í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli.



UMFERÐ UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL

Nokkrir nýir áfangastaðir í farþegaflugi bættust við á árinu. Iceland Express hóf að fljúga fjórum sinnum í viku til New York og tvisvar í viku til Winnipeg í Kanada yfir sumarmánuðina. Þetta var í fyrsta skipti sem félagið bauð flug til áfangastaða utan Evrópu og hóf að nota Keflavíkurflugvöll sem miðstöð áætlunarflugs milli Evrópu og Norður-Ameríku líkt og Icelandair. Icelandair tók upp áætlunarflug tvisvar í viku til Þrándheims í Noregi og Brussel í Belgíu varð nýr áfangastaður í leiðarkerfi félagsins. Áfangastaðir voru alls 26 á árinu


en félagið jók einnig ferðatíðni til nokkurra áfangastaða sinna. Nýir áfangastaðir í Evrópu hjá Iceland Express voru Mílanó-Bergamo einu sinni í viku og Lúxemborg tvisvar í viku. SAS hélt uppi reglulegu flugi til Osló allt árið um kring og nokkur erlend flugfélög hófu flug til landsins. Transavia France hélt uppi ferðum frá París-Orly í Frakklandi yfir sumarmánuðina og Air Greenland frá Nuuk og Narssarsuaq á Grænlandi. Þá buðu Air Berlin, Germanwings og Lufthansa einnig upp á fastar ferðir í sumaráætlun ásamt nokkrum erlendum flugfélögum í leiguflugi.

60 ÁFANGASTAÐIR SUMARÁÆTLUN 2010




FLUGTÖLUR


Farþegafjöldi innanlands




Flughreyfingar innanlands á flugvöllum Isavia




Skipting farþega í innanlandsflugi 2010




Flughreyfingar eftir tegundum flugs innanlands




Millilandafarþegar um flugvelli Isavia




Skipting flughreyfinga í millilandarflugi eftir flugvöllum 2010




Farþegafjöldi um Keflavíkurlugvöll




Þróun brottfararfarþega frá Keflavíkurlugvelli




Flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu 2010




Þróun flugumferðar í íslenska flugstjórnarsvæðinu



Fjöldi ferða flugfélaga í íslenska flugstjórnarsvæðinu 2010



Farþegafjöldi í millilandaflugi



FJÁRMÁLASVIÐ

Í kjölfar stofnunar Isavia fór fram sameining fjármálasýslu, starfsmannamála, kerfisþjónustu og viðskiptaþróunar Flugstoða og Keflavíkurflugvallar.

Samræming bókhalds, innkaupa- og fjárhagsferla var mjög umfangsmikið verkefni fjármálasviðs sökum mismunandi starfsvenja sem giltu í hinum sameinuðu félögum. Nauðsynlegt var að setja upp nýtt bókhaldskerfi til að auðvelda greiningu á umsvifum einstakra deilda félagsins eftir sameininguna. Innleiðing nýs verklags við innkaupaferli stóð allt árið og felur það í sér eftirlit og yfirumsjón með útboðum og samningagerð við stærri innkaup sem og samskiptum við þjónustuaðila, birgja og Ríkiskaup.

Reikningsskil félagsins eru háð mismunandi reglum t.d. varðandi svonefndan Joint Finance-samning við Alþjóðaflugmálastofnunina, reglur um gegnsæi gjalda á Keflavíkurflugvelli og ákvæðum í þjónustusamningi félagsins við innanríkisráðuneytið um að greina megi raunkostnað einstakra eininga samningsins.

Fjármálasvið sinnir stoðþjónustu við rekstrarsvið félagsins og Fríhöfnina. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er Elín Árnadóttir.

REIKNINGSSKIL

Stjórn félagsins ákvað að reikningsskil skyldu gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS) sem innleiddur var í tengslum við sex mánaða uppgjör. Stjórnin ákvað einnig að dótturfélag Isavia, Flugfjarskipti, skyldi sameinað Isavia frá og með 1. júlí 2010. Uppgjör félagsins var fært í þáverandi bókhaldsgrunni til 1. janúar 2011 en þá færðist reiknings- og starfsmannahald yfir til Isavia.

GJALDSKRÁR

Endurskoðun á gjaldskrá fyrir Keflavíkurflugvöll fór fram um mitt ár 2010 í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, tilskipun Evrópusambandsins og fyrirmæli loftferðalaga um gjaldtöku sem miðast við að standa undir rekstri flugvalla og flugleiðsögu. Var þetta m.a. gert vegna fyrirhugaðra breytinga á fjármögnun flugmálaáætlunar þar sem ráðgert er að flugvallaskattar og varaflugvallargjald verði fellt niður og í stað þess komi þjónustugjöld á flugvellinum. Jafnhliða var unnið að kostnaðargreiningu á innanlandsflugvallakerfinu og viðræður hafnar við innanríkisráðuneytið vegna þess mikla niðurskurðar sem orðið hefur á framlögum til fyrirtækisins á grundvelli þjónustusamnings en nær engar breytingar hafa verið gerðar á þjónustustigi. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar voru kynntar notendum allra flugvalla eins og kveðið er á um í reglum um endurskoðun á gjaldskrá.



VIÐSKIPTAÞRÓUN

Unnið var að leiðum til að auka fjölda flugfarþega til landsins og áhersla m.a. lögð á vetrarmánuðina. Sóttar voru árlegar alþjóðaráðstefnur þar sem stjórnendur flugvalla eiga viðskipti við flugrekendur á þessu sviði. Unnið var að gerð hvatakerfis í tengslum við nýja áfangastaði og farþegaaukningu sem er þekkt tilhögun á flugvöllum annars staðar í Evrópu. Sérstakt átak var gert eftir stofnun Isavia í markaðssetningu Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar fyrir beint flug til meginlands Evrópu í nánu samstarfi við markaðsskrifstofur Norðurlands og Austurlands og bæjaryfirvöld á þessum stöðum. Góð samvinna hefur einnig verið við fulltrúa Íslandsstofu sem komið hefur að þessu mikilvæga verkefni.

STARFSMANNAMÁL

Isavia er aðili að Samtökum atvinnulífsins og fara þau með umboð til kjarasamningagerðar fyrir hönd félagsins. Starfsmenn tilheyra 28 mismunandi stéttarfélögum um allt land og voru kjarasamningar allir lausir á

GILDI

SAMVINNA

Við setjum okkur skýr þjónustuviðmið og tileinkum okkur jákvætt viðmót og virðingu gagnvart viðskiptavinum.

Sýnum ráðdeild og leitum stöðugt leiða til að hámarka árangur.



árinu. Kjarasamningar sem Isavia á beina aðild að voru gerðir um mitt ár en ennþá gefur rekstrarstaða félagsins og rekstrarumhverfi ekki mikið svigrúm til launabreytinga.

Heildarstarfsmannavelta félagsins á árinu var alls tæp 8% en þar af var svo kölluð raunvelta 4%, þegar frá eru taldir þeir sem hættu vegna aldurs og sagt var upp. Starfsmenn Isavia voru samtals 546 í árslok. Starfsmannþjónustan sinnir stöðþjónustu við Fríhöfnina en starfsmenn hennar voru 108 í árslok 2010.

Samræming verklags og þjónustu sem starfsmannþjónusta hins nýja félags veitir var umfangsmikið verkefni. Isavia hefur sett sér gildin öryggi, þjónusta og samvinna og byggir félagið starfsmannastefnu sína á þeim. Við val á samstarfsfólki er auk faglegrar hæfni gerð krafa um þjónustulund, öryggishegðun og færni í samskiptum og samstarfi.

Síðareglur félagsins leiðbeina um samskipti starfsmanna og samskipti þeirra við viðskiptamenn. Þá hefur félagið mót að stefnu í jafnréttismálum í samræmi við lög um jafnan rétt kvenna og karla til starfa og með

áherslu á jafnrétti og jöfnum tækifærum til þess að njóta eigin atorku og þroska hæfileika í starfi.

MENNTUN OG ÞJÁLFUN

Grunnmenntun, endurmenntun og síþjálfun starfsmanna, sem miðar m.a. að viðhaldi starfsréttinda, er ríkur þáttur í starfsemi félagsins. Alls luku 556 starfsmenn námi eða þjálfun í skóla félagsins eða á aðkeyptum námskeiðum og var rúmum 34.000 vinnustundum varið á árinu í þjálfun og fræðslu. Þetta jafngildir því að sautján starfsmenn séu samfelld í þjálfun allt árið að ótöldum tíma leiðbeinenda úr röðum starfsmanna. Félagið annast einnig umfangsmikla þjálfun fyrir önnur fyrirtæki og einstaklinga sem starfa á eða eiga erindi inn á öryggissvæði flugvalla. Isavia skólinn er samheiti fyrir alla þá umfangsmiklu starfsemi sem félagið annast á sviði þjálfunar og fræðslu.





HEIMSÓKNIR


Á haustmánuðum var unnið að samtengingu starfsmanna og var starfsfólki í Reykjavík boðið að kynnast starfseminni á Keflavíkurflugvelli og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Einnig var starfsfólki þaðan boðið til höfuðstöðva fyrirtækisins í Reykjavík þar sem kynnt var starfsemi flugstjórnarmiðstöðvarinnar, flugvallarþjónustunnar og flugturnsins. Starfsmannafélögin stóðu fyrir sameiginlegri sumarferð og vinna nú að þéttara samstarfi og sameiningu.

VINNUVERND

Forsenda þess að félagið geti veitt viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu er að starfsmenn búi við öryggi og ánægju í starfi. Áhersla er lögð á gott starfsumhverfi og að starfsmenn þekki kröfur sem gerðar eru, t.d. um öryggi og reglur um vinnuvernd.


Félagið leggur áherslu á heilbrigði starfsmanna og stuðlar að líkamsrækt auk þess sem reglulega er fylgst með heilsufari ákveðinna starfshópa.

Starfsmenn Isavia eftir svæðum



- Keflavík
- Landsbyggðin
- Reykjavík





FLUGLEIÐSAGA

Frá 6. maí til 11. maí fór nær öll flugumferð á Norður-Atlantshafi um íslenska flugstjórnarsvæðið. Flugumferðin á svæðinu skiptist að jafnaði milli fjögurra flugstjórnarmiðstöðva. Öskuský frá Eyjafjallajökli lokaði flugstjórnarsvæðum suður af landinu og var umferðarmet slegið á íslenska flugstjórnarsvæðinu fjóra daga í röð. Mest flugu 1.019 flugvélar um svæðið á einum sólarhring en fyrra met var 562 flugvélar. Forsíðumynd ársskýrslunnar sýnir dæmi um flugferla á íslenska flugstjórnarsvæðinu umrædda daga.

Src Delay: 0.02 sec 5-
USB Delay: 0.05 sec
Missing: 0.00
Tracks: 27
STCA: 34
RTQC DATALOSS FROM
F29



UAL901
F340 41

DLH452
F340 M82

ACA845
F360 41

TAP103
F380 41

FDX38
F290 54

N1454H
F400 45

ACA851
F380 42

ACA879
F340 39

SWR40X
F330 M82

DF676
F380 40

COA806
F350 37

DMB65
41

WOA9671
F370 44

UAL939
F360 39

BER3534
F300 40

AMX006
F320 40

BAW287
F360 47

BAW265
F380 41

VIR196
F360 38

DAL157
F320 37

BER7406
F360 37

DMB65
F360 39

DLH414
F360 46

AFR024
F360 37

FXI153
F360 37

BER7406
F360 37

17:10

DMB65 [3714]
F360 39

NIM85 [3716]
F340 43

BAW49
F360 47

DMB65
F340 47

KEE
F360 37

KING70
F360 37

N415GS
F410 50

OF0032
F320 36

FDX70
F290 39

GOA33
F330 39

UAL967
F300 47

UAL931
F360 47

GAU
F290 39

DLH402
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

AAL151
F340 37

AFR356
F340 41

UAL967
F300 47

UAL931
F360 47

DAL83
F340 43

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

THORR
F360 37

BAW77G
F370 37

AP144
F410 30

DMB94
F380 38

BAW99
F341 35

AAL37
F320 58

DMB94
F380 38

AFR352
F340 41

AFR352
F340 41

FLUGLEIÐSAGA

Árið 2010 var ár mikilla breytinga á skipulagi flugleiðsögunnar. Fyrir sameiningu félaganna tveggja ráku Keflavíkflugvöllur og Flugstoðir sitt hvora flugleiðsöguþjónustuna. Hjá Flugstoðum tilheyrði hún tveimur rekstrarsviðum, flugumferðarsviði og flugvalla- og leiðsögusviði og dótturfyrirtækinu Flugfjarskiptum ehf.

Þessi skipan hélst í meginatriðum þar til öll flugleiðsöguþjónusta Isavia var formlega sameinuð þann 25. október 2010 í nýju flugleiðsögusviði félagsins. Félagið Flugfjarskipti sameinaðist flugleiðsögusviði í júlí 2010 og var framtíðarskipan flugleiðsögunnar og starfsleyfismálum hennar með því komið fyrir undir einni stjórn. Framkvæmdastjóri flugleiðsögusviðs er Ásgeir Pálsson.

Eldgosið í Eyjafjallajökli setti mark sitt á rekstur flugleiðsögunnar á árinu. Mikið álag var á starfsmenn einkum í lok gossins þegar nánast öll flugumferð á Norður-Atlantshafinu fór um norðanvert íslenska flugstjórn-

arsvæðið og umferðarmet var slegið fjórum sinnum á tímabilinu.

HELSTU VERKEFNI TÆKNIÞJÓNUSTU FLUGLEIÐSÖGUSVIÐS

Miklar öryggiskröfur eru gerðar til flugleiðsöguþjónustu og er stöðugt unnið að umbótum og aðlögun á kerfum og búnaði í flugstjórnar- og fjarskiptamiðstöðvunum.

Innleiðing nýrrar staðsetningartækni í flugleiðsögu á flugupplýsingasvæðunum í Reykjavík og Syðri-Straumfirði á Grænlandi. Tæknin nefnist ADS-B og byggir á sendingum upplýsinga úr staðsetningarkerfi einstakra flugvéla til flugstjórnarmiðstöðvar. Ráðgert er að kerfið verði tilbúið fyrir tilraunarekstur í lok ársins 2011.

Á Keflavíkflugvelli hefur verið unnið að innleiðingu á nýju flugstjórnarkerfi fyrir vinnslu ratsjargagna og flugupplýsinga.

Flugleiðsögubúnaður Akureyrarflugvallar var endurbættur á árinu og settur upp ný aðflugsstefnu- og aðflugshallasendir sem beinir flugvélum til lendarar á flugbraut 01. Eru nú tveir aðflugsferlar að þessari flugbraut.

Lokið var við hönnun á svonefndum AMHS-skeytadreifi sem mun á næstu árum taka við af hefðbundnum AFTN/CIDIN skeytadreifi-kerfum.

Í ársbyrjun var tekin í notkun ný stuttbylgjusendastöð á Bessastöðum í Húnaþingi vestra.





ÖRYGGI

Við vinnum saman að settu marki sem eitt lið til að ná árangri og veita góða þjónustu.

Við berum virðingu fyrir störfum hvers annars og hvetjum til frumkvæðis varðandi umbætur.

Á haustmánuðum fóru fram tilraunir á nýrri tækni í talviðskiptum milli flugmanna og flugumferðarstjóra. Hin nýja tækni nefnist VoIP og er mikið notuð í almennum fjar-skriptum. Er áætlað að á næstu árum muni hlutur hennar fara vaxandi í flugfjarskiptum. Isavia og Frequentis sem er framleiðandi fjar-skriptastjórnkerfa, PARKAIR, sem framleiðir senda og móttakara, og Icelandair gerðu sameiginlegar prófanir á síðasta ári þar sem fjar-skripti milli flugmanns og flugumferðarstjóra fóru alfarið um VoIP flutningsleiðir. Mun það hafa verið í fyrsta skipti sem VoIP var prófað á þennan hátt í heiminum.

FLUGFJARSKIPTI


Fjarskipti við flugvélar á ferð yfir Norður-Atlantshafi er mikilvægur hluti af þjónustu Isavia við alþjóðaflugið. Fyrirtækið tryggir örugg og skilvirk samskipti milli flugvéla, flugstjórnarmiðstöðva, flugrekenda, veðurstofa og annarra aðila sem koma að flugsamgöngum. Fjarskiptastöðin í Gufunesi heldur uppi talfjarskiptum á stuttbylgju og

á metrabylgju í náninni samvinnu við fjar-skriptastöðina í Ballygirreen á Írlandi.

Mikið mæddi á flugfjarskiptamönnum þegar eldgosið í Eyjafjallajökli stóð yfir. Á árinu 2010 voru að meðaltali afgreidd 1.329 skeyti á sólarhring en á annasömustu dögum þegar flugumferð var sem mest í íslenska flugstjórnarsvæðinu voru á fjórum dögum afgreidd 4.609 skeyti að meðaltali.

ÖRYGGIS- OG GÆÐAMÁL

Á árinu var unnið að umfangsmikilli sameiningu þriggja öryggis- og gæðakerfa í eitt stjórnunarkerfi Isavia. Vegna breytinga á starfsleyfum flugleiðsöguþjónustunnar og flugprófana voru töluverð samskipti við Flugmálastjórn Íslands og dönsku Flugmálastjórnina, auk vottunaraðila ISO 9001 staðalsins. Við sameininguna þurfti ennfremur að yfirfara um 300 skjöl flugleiðsögusviðs í tengslum við útgáfu rekstrarhandbókar Isavia.





ÆFINGAR

Árið 2010 fór fram alþjóðleg leitar- og björgunaræfing sem er hluti af æfingaáætlun NATO, Bold Mercy. Æfingin var haldin fyrir sameiningu félaganna og stýrt af Flugstöðum.

Æfingar í viðbrögðum vegna öskudreifingar í þotuhæðum hafa verið haldnar í mörg ár fyrir tilstuðlan Íslendinga. Þessar æfingar hjálpuðu án efa til við gerð viðbragðsáætlunar sem unnið var eftir þegar raunverulegt eldgos varð í Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli. Alþjóðlega öskudreifingaræfingin VOLCEX var felld niður en tvær staðbundnar öskuspár- og síþjálfunaræfingar, VOLCICE, voru haldnar á árinu.

ALÞJÓÐASAMSTARF

Sífelld er leitað leiða til þess að auka hagkvæmni í flugi og þar eru Íslendingar í miklu samstarfi við nágrannalþjóðir í Evrópu. Starfsmenn flugleiðsögu sviðs eru í mjög miklu alþjóðlegu samstarfi og ber helst að nefna North Atlantic Systems Planning Group (ICAO NAT SPG) þar sem fulltrúar flugrekenda (IATA), flugvélaeiganda (IOPA) og fagfélaga (IFALPA, IFATCA) sitja í nefndum og vinnuhópum.

Árlegur fundur er með fulltrúum flugrekenda á Norður-Atlantshafi um aðkomu þeirra að alþjóðaflugþjónustunni og rekstraráætlun næsta árs og þar er einnig fjallað um væntanleg fjárfestingarverkefni.

• ALÞJÓÐAFLUGÞJÓNUSTAN

Alþjóðaflugþjónustan er rekin á grundvelli samnings Íslands og tuttugu og fjögurra annarra ríkja, svokallaður Joint Finance samningur, og hefur Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) umsjón með framkvæmd hans. Isavia annast framkvæmdina í umboði innanríkisráðuneytisins og hefur mikil samskipti við ICAO vegna þess en auk Isavia stendur Veðurstofa Íslands að þessari starfsemi.

• NAT/SPG (NORTH ATLANTIC SYSTEMS PLANNING GROUP)

NAT/SPG er fjölþjóðlegur vettvangur ríkjanna við Norður Atlantshaf og ICAO sem fjallar um skipulag og notkun flugleiðsögukerfisins á Norður-Atlantshafi. NAT/SPG fylgist með heildaröryggi kerfisins og stuðlar að endurbótum og breytingum. Framkvæmdastjóri flugleiðsögu sviðs hefur gegnt formennsku í NAT/SPG frá árinu 1997.

• TRASAS/CPWG

Isavia á sæti í tveimur nefndum á vegum ICAO sem fjalla sérstaklega um flug á milli Norður-Ameríku og Asíu yfir Norðurpól. Önnur er Trans-Regional Airspace and Supporting ATM Systems Steering Group (TRASAS) sem er stefnumótandi og hin er samhæfingarnefnd vegna innleiðingar á tækninýjungum og vinnuaðferðum.

• CANSO

CANSO eru samtök flugleiðsöguveitenda á heimsvísu. Samtökin, sem eru með aðalstöðvar í Amsterdam, eru málsvari þessara fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi, m.a. hjá ICAO og vinna að stefnumótun fyrir hönd umþjóðenda sinna. Isavia varð fullgildur aðili að CANSO árið 2007.

• CROSS POLAR WORKING GROUP (CPWG)

CPWG annast samhæfingu vinnuaðferða og innleiðingu breytinga á Norðurheims-skautssvæðinu. Í vinnuhópnum eru fulltrúar allra flugstjórnaraðila á svæðinu og flugfélaga sem þar fljúga. Mikil aukning hefur verið á flugi á svæðinu og áætla flugfélögin að þar verði mesta aukningin á flugi þeirra í náninni framtíð.



- **SAMVINNA VIÐ IRISH AVIATION AUTHORITY (IAA)**
Isavia og írski flugmálastjórnin (IAA) eiga samstarf um rekstur fjarskiptastöðvanna í Gufunesi og Ballygirreen. Kerfi þessara stöðva eru nú samtengd og geta þannig unnið sem ein stöð.
- **NEAP**
Isavia er aðili að NEAP sem er samstarf flugleiðsögufyrirtækja í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi, Bretlandi og Írlandi auk Íslands. Samtökin mynda ramma um samstarfsverkefni, einkum vegna Samevrópska loftrýmisins – Single European Sky.
- **NEFAB**
NEFAB er verkefni NEAP-landanna sem miðar að því að þróa eitt samfellt loft-rými (Functional Airspace Block - FAB) í samræmi við Single European Sky (SES) tilskipanir Evrópusambandsins (ESB). Svæðið nær yfir flugstjórnarrými allra þáttökulandanna. Sérstök skýrsla um framgang verkefnisins og vandamál því tengd liggur fyrir.
- **NORACON**
Hlutverk NORACON er að annast þátttöku NEAP í SESAR rannsóknaráætluninni. NEAP fyrirtækin eru öll aðilar að NORACON auk austurríska flugstjórnarfélagins Austrocontrol. NORACON er einn sextán samstarfsaðila að SESAR Joint Undertaking, sem er sérstök stofnun sem Evrópusambandið setti á laggirnar til þess að annast framkvæmd SESAR-áætlunarinnar.

- **SESAR**
SESAR er rannsóknar- og þróunaráætlun ESB sem miðar að þróun nýrrar kynslóðar flugstjórnarkerfa fyrir Evrópu sem ætlað er að samhæfa flugumferðarstjórn í álf-unni, auka afkastagetu og tryggja flugör-yggi. Isavia hóf þátttöku í SESAR áætlun-inni árið 2009 undir hatti NORACON með megináherslu á flugumferðarstjórn yfir úthafinu. Gert er ráð fyrir að þessi verk-efni standi yfir í a.m.k. sex ár.



VERÐLAUN IATA

Alþjóðasamtök flugfélaga - IATA - veittu Isavia á árinu viðurkenningu er nefnist Eagle Award fyrir mesta framfær í flugumferðarþjónustu í heiminum. Isavia hefur unnið ótulllega að því að bæta rekstur og þjónustu sem félagið veitir og að halda niðri kostnaði. Þá er Isavia að mati IATA einnig leiðandi í að auka hagkvæmni og öryggi á flugleiðunum yfir Norður - Atlantshaf og Norðurheimskautið.

Félagið og starfsfólk þess fagna þessari mikilvægu viðurkenningu sem byggist á náinni faglegri, tæknilegri og fjárhagslegri samvinnu við viðskiptavini félagsins.



FLUGVELLIR OG MANNVIRKI

Á þeim tíma sem Akureyrarflugvöllur var miðstöð millilandaflugs hluta af apríl og maí 2010 fóru alls 9.639 farþegar um flugvöllinn. Egilsstaðaflugvöllur var einnig notaður fyrir millilandaflug á þessu tímabili. Stór hópur starfsmanna félagsins vann mjög óeigingjarnt starf í einni umfangsmestu röskun á flugi í sögu flugvallarreksturs á Íslandi.



FLUGVELLIR OG MANNVIRKI

Flugvalla- og mannvirkjasvið annast rekstur og uppbyggingu mannvirkja og búnaðar á öllum flugvöllum landsins sem þjóna innanlandsflugi. Mannvirkjaþjónusta sviðsins sér um sérhæfða stoðþjónustu við önnur rekstrarsvið fyrirtækisins í tengslum við viðhald og uppbyggingu mannvirkja. Um er að ræða 50 flugvelli og lendingarstaði sem skipt er í fjögur umdæmi. Flugvellir sem þjóna áætlunarflugi innanlands eru 14 og af þeim eru Reykjavíkflugvöllur, Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur alþjóðaflugvellir.

Flugvallakerfið þjónar auk þess sjúkraflugi, ferðaþjónustu-, einka- og kennsluflugi.

Helstu rekstrarverkefni vegna flugvallanna eru viðhald og rekstur flugstöðva og annarra bygginga auk flugbrauta og

athafnasvæða loftfara og ljósabúnaðar og eru snjóruðningur og viðbúnaðar- og björgunarþjónusta umfangsmikill þáttur starfseminnar. Umfang þjónustunnar á hverjum flugvelli er í samræmi við skilgreint þjónustustig eftir eðli og umsvifum í flugumferð auk staðsetningar í nokkrum tilvikum. Rekstur einstakra flugvalla nýtur stuðnings frá miðlægri stoðþjónustu sem eykur skilvirkni og hagkvæmni umtalsvert. Framkvæmdastjóri flugvalla- og mannvirkjasviðs er Haukur Hauksson.

GÆÐA OG ÖRYGGISMÁL

Á árinu 2010 var tekið upp rekstrar- og skráningarkerfið Opscom á Reykjavíkflugvelli. Kerfið, sem hefur verið í notkun á Keflavíkflugvelli frá árinu 2008, heldur utan um skráningu allra verkefna, rekstraratriða og atvika á flugvöllum og hjálpar m.a. ábyrgðarmönnum flugvallarins til þess að hafa yfirsýn yfir ágalla og framkvæmd úrbóta.

Talsverðar breytingar urðu á gæðakerfi vegna færslu verkþátta með nýrri skipan rekstrarsviða félagsins. Umfangsmiklar áhættumatsgerðir fóru fram vegna flugvallanna í Reykjavík og á Akureyri og eru tvö stór verkefni hafin með aðstoð norska fyrirtækisins AVINOR í tengslum við hindranir í nágrenni flugvalla.



Vetur konungur hóf innreið sína á Akureyrarflugvelli í kringum fyrsta vetrardag og voru fáir snjólausir dagar það sem eftir lifði ársins eða um fjórir. Mesta snjódýpt í vetur mældist 62 cm um miðjan nóvember. Mikið álag var á starfsmenn Akureyrarflugvallar að halda flugbrautinni snjólausri fyrir flug.



FLUGVALLAÞJÓNUSTA

Hafin var endurskipulagning flugvallarþjónustunnar samkvæmt norrænni fyrirmynd sem nefnist „Basic Airport“ og miðar að hagræðingu og samþættingu starfa á flugvöllum. Slík starfsskipan hefur skilað góðum árangri bæði varðandi hagræði og velferð starfsmanna sem gegna fjölþættari störfum. Vonir standa til þess að endurskipulagningu flugvallarþjónustunnar verði að fullu lokið innan þriggja ára.

Isavia (þá Flugstoðir) tók við björgunar- og slökkviþjónustu á Reykjavíkflugvelli af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 1. mars 2010 og er þjónustunni sinnt af slökkviþjónustu Keflavíkflugvallar. Stefnt er að því að Reykjavíkflugvöllur taki við þessum rekstrarþætti árið 2011 í samræmi við endurskipulagningu flugvallarþjónustunnar.

Þrjár flugslysaæfingar voru haldnar á árinu á Ísafirði, Vopnafirði og Bíldudal. Áhersla var lögð á góða samvinnu við heimamenn og tókust æfingarnar vel.

Tvær slökkvibifreiðar voru keyptar samkvæmt gildandi endurnýjunaráætlun í samvinnu við Akureyrarbæ og Vopna-

fjarðarhrepp og hefur slík samvinna skilað betri nýtingu fjármagns og stuðningi við nærsamfélög flugvallanna. Þá voru tvö ný tæki keypt vegna flugbrautaþjónustu, þ.á.m. öflugt sameyki til snjóhreinsunar á Reykjavíkflugvelli.

Áfram var unnið markvisst að samræmingu hemlunarmælinga á flugvöllum landsins og hafa tveir starfsmenn hlotið réttindi til kennslu og viðhalds tækjabúnaðar frá fyrirtækinu, AFST sem er í notkun hjá félaginu.

FLUGVERND

Kröfur um flugvernd fara sívaxandi og kalla á fjölbreyttan búnað og aðstöðu til vopnaleitar á farþegum, í farangri og farmsendingum. Unnið var að undirbúningi fyrir breyttar kröfur sem tóku gildi 1. janúar 2011 og fela m.a. í sér að skipta varð út málmleitarhliðum á millilandaflugvöllum. Fimm endurmenntunarnámskeið voru haldin fyrir starfsmenn Isavia, lögreglu og



Securitas sem sinna vopnaleyti. Auk þess var haldið sérstakt námskeið fyrir starfsfólk slökkviþjónustu Keflavíkurflugvallar sem starfar á Reykjavíkurflugvelli og vegna aðgangs að almennum flugsvæðum og haftasvæðum flugverndar.

Neyðaráætlun vegna flugverndar fyrir Akureyrarflugvöll var endurskoðuð og gefin út í júní. Verkefninu lauk með þjálfun og stórri sprengjuhótunaráæfingu í september með fjölda þátttakenda frá hagsmunaaðilum s.s. Ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu, lögreglu og slökkviliðinu á Akureyri, flugfélögum og Isavia.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ELDGOSI

Grettistaki var lyft með skjótum flutningi alls millilandaflugs til Akureyrar og Egilsstaða þegar allt flug til Keflavíkur og Reykjavíkur lagðist niður um stundarsakir vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Starfsmenn Isavia, flugfélaga, flugafgreiðsluaðila og annarra hagsmunaaðila brugðust skjótt við og fluttu tækjabúnað til Akur-

eyrar og Egilsstaða svo flugsamgöngur við umheiminn gætu haldið áfram. Með samstilltu átaki unnu fjölmargir ólíkir aðilar að lausn flókinna verkefna á skömmum tíma og með lágmarks óhagræði fyrir farþega. Tókst þannig að afgreiða þúsundir farþega ásamt frakt og hafa önnur eins umsvif aldrei verið á Akureyrarflugvelli né Egilsstaðaflugvelli.

FRAMKVÆMDIR

Framkvæmdaverkefni flugvalla- og mannvirkjasviðs voru unnin í samræmi við samgönguáætlun en knappar fjárveitingar nægðu einungis til þess að sinna brýnustu verkefnum. Helstu verkefni á árinu voru lokafrágangur vegna flugbrautarlengingar og stækkunar öryggissvæða á Akureyrarflugvelli ásamt uppsetningu öflugs aðflugs- og ljósabúnaðar. Á Egilsstaðaflugvelli var sett upp 900 metra löng röð aðflugsljósa og er hann nú fullbúinn fyrir nákvæmnisblindaðflug samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Á Vestmannaeyjaflugvelli var vélageymsla stækkuð og nýtt bundið yfirlag sett á aðra flugbrautina.



SAMRÁÐ VIÐ NOTENDUR

Gott samstarf var við notendur flugvallakerfisins m.a. með upplýsingafundum og kynningum á breyttri þjónustu. Fundir voru haldnir með flugrekendum um framkvæmdir, rekstur og öryggismál flugvalla auk samráðsfunda við notendur vegna gjaldskrárbreytinga.

VERKEFNI ERLENDIS

Framkvæmdastjóri ásamt deildarstjóra tækni- og upplýsingadeildar önnuðust verkefni á liðnu ári fyrir danska þróunarsjóðinn (DANIDA) á þremur flugvöllum í Mósambík. Flugvellirnir geta allir þjónað flugvélum á stærð við Boeing 737. Verkefnið fólst í úttekt á mannvirkjagerð, s.s. byggingum, flugbrautum og athafnasvæðum flugvéla ásamt ljósa- og flugleiðsögubúnaði og slökkvibúnaði.

Starfsmenn tóku þátt í samstarfsverkefni rekstraraðila meðalstórra flugvalla á Norðurlöndum. Verkefnið, sem nefnist Benchmarking, fólst í greiningu og sam-anburði á rekstrarþáttum s.s. umfangi og kostnaði vegna þjónustu við flugfélög og farþega á völdum flugvöllum af svipaðri stærð í hverju landi og var Egilsstaðaflugvöllur athugaður í þessu skyni.





KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

*Keflavíkurlugvöllur er stærsti flugvöllur landsins og miðstöð alþjóðlegs millilandaflugs. Eldgosið í Eyjafjallajökli hafði þau áhrif að ekki var hægt að landa á flugvöllinum í tíu daga. Þrátt fyrir það varð 8 % aukning á heildarfarþegafjölda á árinu.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Keflavíkurlflugvöllur er stærsti flugvöllur landsins og miðstöð alþjóðlegs millilandaflugs. Hann þjónar öllum flugvélagerðum og árlega fara um 22 þúsund flugvélar í áætlunar- og almannaflugi og 97% allra millilandafarþega um flugvöllinn. Mikil atvinnustarfsemi fer fram á flugvöllinum og nærsvæðum sem er eitt stærsta vinnusvæði landsins. Framkvæmdastjóri Keflavíkurlflugvallar er Eiríkur Ómar Sveinsson.

FLUGVALLAÞJÓNUSTA

Starfsemi flugvallarþjónustu Keflavíkurlflugvallar felst í viðhaldi og eftirliti með athafnasvæðum loftfara og hreinsun þeirra, sjónrænum leiðsögubúnaði flugvallarins og olíuskiljum, fælingu fugla og annarra dýra, rekstri á þotugildrum, hlaðstjórn og stæðisúthlutun auk reksturs vélaverkstæðis, sem annast viðhald allra vélknúinna tækja félagsins á Keflavíkurlflugvelli.

Snjóruðningur og hálfkuvarnir eru stærstu verkefni yfir vetrarmánuðina og tókust þau vel á árinu. Tvö ný og fullkomin sameyki snjóplógs og vélsóps voru tekin

í notkun í stað gamalla og úrsérgenginna tækja frá tíma varnarliðsins. Eru þá fjögur nýleg sameyki komin í notkun en þessi tæki hreinsa snjó af jafnbreiðu svæði samtímis og þurfti fimm gömul tæki til áður. Þetta styrkir til muna þann tækjabúnað sem flugvallarþjónustan hefur yfir að ráða til þess að tryggja örugg lendingarskilyrði í vetrarveðráttu á Keflavíkurlflugvelli.

SLÖKKVI- OG BJÖRGUNARÞJÓNUSTA

Nokkrar breytingar voru gerðar á slökkvi- og björgunarþjónustunni á árinu. Ákveðið var að starfsmenn Keflavíkurlflugvallar tækju einnig að sér slökkvi- og viðbúnaðarþjónustuna á Reykjavíkurlflugvelli þar sem sýnt þótti að með því næðist samlegð og hagræðing í rekstri. Var einn slökkvibíll frá Keflavíkurlflugvelli lánaður til Reykjavíkurlflugvallar. Vel tókst til með þessa breytingu. Könnun á samsetningu flugvélategunda sem nota flugvöllinn að staðaldri leiddi til þess að ákveðið var í samráði við Flugmálastjórn Íslands að breyta slökkviflokki flugvallarins úr svonefndum CAT-9 í CAT-7 flokk samkvæmt skilgreiningu ICAO. Viðbúnaðarþjónusta flugvallarins getur eftir sem áður sinnt stærstu flugvélum bæði varðandi mannafla og tækjabúnað.

FRAMKVÆMDIR

Þrjú stór verk voru unnin á flugvöllinum á árinu. Lagt var malbiksyfirlag á 26.000 fermetra svæði á Háaleitisflughlaði og svonefnt Rhinophalt-líflengingarefni borðið á 120.000 fermetra af malbikuðum svæðum á flugvélaakbrautum. Önnuðust starfsmenn Isavia lagningu Rinophalt-

ÞJÓNUSTA

Með öguðum vinnubrögðum, stöðugri þekkingaröflun og markvissu eftirliti lágmörkum við áhættu og stuðlum að öryggi almennings, viðskiptavina og starfsmanna.



efnisins ásamt viðgerð á ræsastokkum á Háaleitishlaði og var heildarkostnaður við það verk innan við 10% af upphaflegri áætlun. Þá reistu starfsmenn skemmu fyrir slökkvibifreið og önnuðust uppsetningu æfingabúnaðar fyrir slökkviþjónustu og reyndust framkvæmdirnar með þeim hætti einnig mun ódýrari en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

FLUGUMFERÐ

Heildarumferð um Keflavíkurflugvöll nam 52.417 flughreyfingum (brottfarir og landingar). Þar af voru 21.942 gjaldbærar hreyfingar í áætlunar-, almanna- eða herflugi, sem er 3% aukning frá fyrra ári. Hreyfingar ógjaldbærra loftfara s.s. vegna kennsluflugs og annars einkaflugs ásamt flugi tengdu loftrýmisgæslu voru 30.475 sem er aukning um 30% milli ára.

Á árinu þurftu aðeins 7 flugvélar að hverfa frá landingu á Keflavíkurflugvelli og þá vegna of mikils vindhraða og slæms skyggis. Hinsvegar voru 26 tilfelli þar sem völlumurinn var nýttur af flugvélum í yfirflugi vegna óvæntra atvika eins og veikinda farþega eða tæknilegra bilana. Í öllum tilfellum lentu viðkomandi flugvélar án óhappa.

Orrustuflugsveitir í loftrýmisgæslu voru staðsettar á flugvöllinum í þrígang á tíma-bilinu mars til september.

Þá hafði B-787 „Dreamliner“ flugvél með áhöfn og tæknimönnum einnig aðsetur þar um nokkurra vikna skeið við flugprófanir og einnig ný rússnesk farþegaflugvél í sama tilgangi en flugvöllurinn er vinsæll til prófana á nýjum flugvélategundum, einkum í hliðarvindi.

Eftirspurn eftir föstum afgreiðslutímum á stæðum (Slots) við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í sumaráætlun jókst um 4,74% milli ára. Yfir vetrartímamann var fjöldinn svipaður og frá fyrra ári eða tæplega 6 þúsund afgreiðslutímar.






FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Þá daga sem röskun varð á millilandaflugi á Keflavíkflugvelli og öll flugumferð færðist til Akureyrar og Egilsstaða vegna eldgossins í Eyjafjallajökli var lítið um að vera í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þrátt fyrir það var álag á starfsfólki við að leysa úr verkefnum í tengslum við röskunina sem og vera reiðubúið að standa vaktina þegar flug hófst að nýju frá Keflavíkflugvelli.

Eldgosið í Eyjafjallajökli hafði mikil áhrif á væntingar um fjölda farþega sem áætlað var að færu um Flugstöð Leifs Eiríkssonar á árinu. Þrátt fyrir svartsýnir spár réttist úr með fjölda farþega og varð um 8% aukning á heildarfjölda farþega sem fóru um flugstöðina á árinu.



FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



Í kjölfar sameiningar Keflavíkurflugvallar og Flugstoða í Isavia varð Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) gerð að rekstrarsviði innan félagsins og tók sú skipan gildi 1. september 2010. FLE starfar í þremur rekstrareiningum, þ.e. rekstrardeild, flugverndardeild og markaðsdeild en viðskiptasvið Keflavíkurflugvallar færðist til fjármálasviðs Isavia. Framkvæmdastjóri flugstöðvarinnar er Hlynur Sigurðsson.

REKSTUR

Rekstrardeild FLE annast rekstur og viðhald flugstöðvarinnar ásamt viðhaldi annarra fasteigna í eigu félagsins á Keflavíkurflugvelli. Rekstrardeildin sér um þjónustu við viðskiptavinum flugstöðvarinnar. Fjárfest var fyrir um 114 milljónir króna og voru stærstu verkefnið breytingar á aðstöðu tollsins í komusal og uppfærsla á innkeyrslubúnaði inn á bílastæði flugstöðvarinnar.

FLUGVERND

Flugvernd á Keflavíkurflugvelli er í samræmi við lög um loftferðir og alþjóðasambýktir um ráðstafanir til þess að hindra ólögmetar aðgerðir gegn almenningflugum, almannaflugum, farþegum, starfsfólki og mannvirkjum. Starfsemin felur í sér umsjón, framkvæmd og eftirlit með flugvernd á flugvellingum í samvinnu við lögreglu, tollgæslu, flugvallarnotendur og Flugmálastjórn Íslands. Flugverndardeild sinnir einnig nokkrum aukaverkefnum til hagræðingar svo sem stæðisúthlutun loftfara og öryggiseftirliti (safety)

á flugsvæðum, húsgæslu í flugstöðinni og rekstur stjórnstöðvar fyrir flugvöllinn í samvinnu við rekstrarsvið og flugvallarsvið.

Flugverndarþjálfun, námskeiðahald og útgáfa aðgangsheimilda að haftasvæðum er mjög umfangsmikil enda heildarfjöldi starfsmanna á flugvallarsvæðinu a.m.k. 1.500 að jafnaði auk sumarstarfsmanna.

Álag í flugvernd jókst umtalsvert vegna farþegaaukningarinnar. Sérstaklega vegna 40% aukningar á skiptifarþegum sem þurfa að fara í gegnum öryggisleit við komu frá Ameríku. Í júní var gripið til þess ráðs að aðskilja komufarþega til landsins frá Ameríku frá skiptifarþegum og var þeim ekið beint úr Suðurbyggingu flugstöðvarinnar í komusal í Norðurbyggingu. Hjálpaði þessi ráðstöfun mikið til þess að létta álagið í vopnaleit í Suðurbyggingu og eru farþegar mjög ánægðir með þessa þjónustu.





MARKAÐSDEILD

Markaðsdeild sér um innri og ytri markaðssetningu flugvallarins. Innra markaðsstarf felst í að leiða markaðsráð rekstraradila í FLE til þess að auka verslun og ytra markaðsstarf miðast við kynningu á flugvellinum í samvinnu við viðskiptaþróunarsvið Isavia.

Keflavíkurflugvöllur hefur verið í fremstu röð flugvalla í Evrópu undanfarin ár að mati flugfarþega. Hann var kosinn besti flugvöllur Evrópu árið 2009 í þjónustukönnun alþjóðasambands flugvalla - ACI og hafnaði í öðru sæti með enn betri heildarútkomu árið 2010. Markaðsdeildin stóð fyrir viðamikilli kynningarstarfsemi jafnt innanlands sem utan. Eitt dæmi um árangur herferðarinnar er gríðarmikil aukning í heimsóknum á heimasíðu flugvallarins en heimsóknir á íslenska hluta síðunnar jukust úr 460 þúsund árið 2009 í 1.168 þúsund 2010 eða um 154%. Enn meiri aukning varð á enska hluta síðunnar eða úr 161 þúsund árið 2009 í 688 þúsund heimsóknir árið 2010 eða tæplega 330%. Alls héldu 10 flugfélög uppi áætlunarferðum á flugvöllinn á árinu og gert er ráð fyrir að þau verið 14 sumarið 2011.

FARÞEGAFJÖLDI

Í ársbyrjun var áætlað að farþegum myndi fækka um ca. 5% á árinu 2010 og einkenndist rekstraráætlun af miklu aðhaldi og sparnaði í fjárfestingum og stærri viðhaldsverkefnum. Gosið í Eyjafjallajökli hafði mikil áhrif á umferð um Keflavíkurflugvöll og væntingar um farþegafjölda. Eftir að gosinu lauk rættist úr með fjölda farþega og varð í raun um 8% heildaraukning á árinu. Aukningin á milli ára var langmest á skiptifarþegum, eða um 40%, en fjöldi komu- og brottfararfarþega stóð í stað á milli ára. Tekjur af verslunarrekstri í flugstöðinni voru því mun betri en væntingar gerðu ráð fyrir. Þrátt fyrir bættan rekstur milli ára hjá flestum verslunum er rekstrarumhverfið ennþá nokkuð erfitt. Á miðju ári tók nýr rekstraraðili við Saga Boutique og hefur lagt aukna áherslu á íslenska fatahönnun í versluninni.



FRÍHÖFNIN



Fríhöfnin ehf. rekur fimm verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Brottfararverslun, komuverslun og tvær minni verslanir í suðurbyggingu. Á miðju ári tók svo Fríhöfnin við rekstri Saga Shop af Icelandair og hefur lagt aukna áherslu á íslenska fatahönnun í versluninni. Meginvöruflokkar Fríhafnarverslana eru áfengi, tóbak, snyrtivörur, sælgæti og nú fatnaður, skór og fylgihlutir.

Auk erfiðs efnahagsástands er óhætt að segja að eldgosíð í Eyjafjallajökli hafi sett svip sinn á rekstur Fríhafnarinnar á árinu 2010. Áætlað tekjutap félagsins var um 12 – 14 milljónir króna á dag á meðan Keflavíkurflugvöllur var lokaður og því ljóst að rekstur félagsins á árinu 2010 yrði erfiðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Farþegum fækkaði um 22% í apríl 2010 miðað við árið áður en þá voru þeir 118.182 samanborið við 91.833. Allmikil fjölgun farþega varð þó er leið á árið auk þess sem ráðist var í sérstakt söluátak í Fríhöfninni á síðustu mánuðum ársins. Hvort tveggja skiladi betri rekstrarniðurstöðu í árslok en nokkur þorði að vona miðað við áföllin fyrr á árinu.

Breytingar voru gerðar á stjórn félagsins á haustmánuðum 2010 er Bergur Sigurðsson tók sæti Drífu Snædal. Þá urðu framkvæmdastjórnarskipti á árinu. Hlynur

Sigurðsson gekk til liðs við Isavia en Ásta Dís Óladóttir tók við starfi framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar í september 2010 og er það í fyrsta sinn sem kona gegnir stöðu framkvæmdastjóra hjá Fríhöfninni.

REKSTUR OG AFKOMA

Rekstrartekjur Fríhafnarinnar voru um 5.261 milljónir króna á árinu. Þar af voru aðrar tekjur tæpar 40 milljónir. Þetta er umtalsverð aukning miðað við árið áður er rekstrartekjur voru um 4.671 milljónir.

Rekstrarkostnaður félagsins án kostnaðarverðs seldra vara var um 2.671 milljónir króna. Þar af nam húsaleiga til móðurfélagsins um 1.905 milljónir króna. Launakostnaður var um 619 milljónir en stöðugildum fjölgaði úr 92 í 99 á milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) nam rúmum 152 milljónum króna á árinu 2010 samanborið við 11,7 milljónir árið áður og skýrist það fyrst og fremst eins og áður sagði af aukinni sölu Fríhafnarinnar.

Hagnaður félagsins eftir afskriftir og fjármagnsliði var 68,2 milljónir króna samanborið við tap upp á 70 milljónir króna árið áður. Handbært fé í árslok var um



64 milljónir króna og heildareign félagsins nam um 1.198 milljónum króna. Skuldir voru 663 milljónir og eigið fé í lok ársins 534,8 milljónir. Eiginfjárlutfall félagsins var 45%.

HELSTU VERKEFNI

Fríhöfnin tók við rekstri Saga Shop af Icelandair í júlímánuði. Nafni verslunarinnar var breytt í Dutyfree Fashion og áhersla lögð á að breyta vöruframboði. Markmiðið er að fá inn fleiri íslenska hönnuði.

Ráðist var í endurbætur á annarri af verslunum Fríhafnarinnar í suðurbyggingunni og nafni hluta hennar breytt í Iceland Dutyfree. Salan tók mikinn kipp eftir breytinguna og er óhætt að segja að veltan hafi tvöfaldast miðað við árið áður. Stefnt er að því að ljúka endurbótum á báðum verslunum á árinu 2011 en breytingarnar miða að því að útlendingar fái tilfinningu fyrir einstökum verslunum með vöruframboði sem þeir finna ekki á öðrum flugvöllum.

NÝJUNGAR

Fríhöfnin svipti hulunni af leyndarmáli ársins og kynnti til sögunnar snyrtivörur frá Victoria's Secret í Bandaríkjunum. Vörurnar fengu strax mjög góðar viðtökur hjá viðskiptavinum en þær fást eingöngu hér á landi í Fríhöfninni og styðja því vel við nýja stefnu félagsins um einstakt vöruframboð.



TERN SYSTEMS

Tern Systems hf. er hugbúnaðarfyritæki sem er í meirihlutaeigu Isavia og hefur í samvinnu við Isavia byggt upp þórrann af hugbúnaðarkerfum flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík. Hlutverk Tern Systems hefur fyrst og fremst verið að vinna að þróun kerfa sem eru vel sniðin að þörfum Isavia og uppfylla allar sérþarfir og öryggiskröfur starfseminnar með hagkvæmnissjónarmið að leiðarljósi.

Að auki stefnir félagið að því að nýta þá þekkingu og reynslu sem verður til vegna verkefna hjá Isavia til þess að þróa eigin afurðir fyrir alþjóðlegan markað. Sú stefna hefur nú þegar skilað þónokkrum verkefnum erlendis á undanförunum árum. Tern Systems stefnir að því að auka hlutdeild erlendra tekna á næstu árum með sölu á afurðum félagsins, þátttöku í hugbúnaðar- og rannsóknarverkefnum, þjónustu og hugbúnaðarleigu.

Áhersla hefur að undanförunu verið lögð á nærmarkaði líkt og Norðurlönd og meginland Evrópu. Ýmis tækifæri eru að skapast í Norður-Evrópu sem félagið mun einbeita sér að á næstu árum og leggja áherslu á að selja meira í samvinnu við aðra aðila á markaðinum.

HELSTU VERKEFNI

Helstu verkefni Tern Systems árið 2010 voru flugeftirlitskerfi í flugstjórnarmiðstöð Isavia, þjálfunarhermir í Marokkó og uppsetning á nýju ratsjár- og fluggagna-kerfi á Keflavíkurflugvelli.

Tern Systems vann í samvinnu við Isavia að hönnun og framleiðslu á nýju flugeftirlitskerfi sem styður nýjustu staðsetningartækni af gerðinni ADS-B. Þessi tækni mun gera flugumferðarstjórum betur kleift að fylgjast með flugumferð á stöðum þar sem hefðbundnum ratsjárkerfum verður ekki við komið. Kerfið mun því stækka þau svæði sem viðskiptavinir fyrirtækisins geta fylgst með flugumferð á.

Samið var við ríkisfyritækið ONDA í Marokkó, sem annast rekstur allra flugvalla og flugumferðarþjónustu í landinu, um afgreiðslu á þjálfunarhermi fyrir flugumferðarstjóra. Kerfið er í stærra lagi og samanstendur af fjórum stökum þjálfunarhermum sem líkja eftir aðstæðum á stærstu flugvöllum í Marokkó. Mun uppsetningu kerfisins ljúka um mitt ár 2011.

Annað stórt kerfi sem fyrirtækið hefur unnið að og mun afhenda á árinu 2011 er nýtt flugumferðarstjórnunarkerfi fyrir Keflavíkurflugvöll sem byggir á kerfi sem smíðað var í samvinnu við KAC í Kóreu árið 2007 og kallast TAS.

Tern Systems hefur einnig stóreft rannsóknardeild sína á árinu og tengt hana beint við hugbúnaðardeild Isavia til þess að mæta þeirri aukningu sem orðið hefur á þörf fyrir rannsóknir á starfssviði félagsins. Rannsóknardeildin vann m.a. að verkefni í tengslum við útbreiðslu ADS-B, kögun og AIRE-verkefnið.

REKSTRARAFKOMA

Heildartekjur félagsins voru 338 milljónir króna á árinu 2010. Þar af voru 19% erlendar tekjur. Rekstrartap fyrir afskriftir og vexti var um 0,9 milljónir króna en heildarafkoma félagsins var neikvæð um 3,5 milljónir króna.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Isavia ohf.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2010. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2010, efnahag hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 1. apríl 2011

Deloitte hf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Isavia ohf. var stofnað 31. janúar 2010 og er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkflugvelli. Félagið er sameinað félag Keflavíkflugvallar ohf. og Flugstoða ohf. og byggir samruninn á lögum nr. 153/2009. Sameining félaganna miðaðist við 1. janúar 2010. Flugfjarskipti ehf., dótturfélag Isavia ohf. sameinaðist félaginu þann 1. júlí 2010.

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Keflavíkflugvöllur ohf. hafði birt reikningsskil sín samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en ekki Flugstoðir ohf. Búið er að taka tillit til áhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastöðlanna fyrir hluta Flugstoða ohf. í ársreikningi félagsins.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu félagsins námu rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2010 um 14.136 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 2.125 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir samstæðunnar um 32.069 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok árs 2010 um 10.302 milljónum króna og er eiginfjárlutfall félagsins 32%.

Í lok tímabilsins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður sem er sami og við stofnun félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu. Ennfremur er það álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í ársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa í dag yfirfarið og samþykkt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjar, 1. apríl 2011

Í stjórn



Þórolfur Árnason


stjórnarformaður



Rannveig Guðmundsdóttir



Arngunnur Jóhannsson



Jón Norðlörð



Arnbjörg Sveinsdóttir



Ásta Rut Jónasdóttir



Ragnar Óskarsson

Framkvæmdastjóri



Björn Óli Hauksson

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2010

	Skýr.	Samstæða 2010
Rekstrartekjur	5	14.135.853.449
Kostnaðarverð seldra vara		(2.502.617.146)
Laun og annar starfsmannakostnaður	6	(6.193.813.269)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(617.712.535)
Annar rekstrarkostnaður		(1.777.083.000)
Afskriftir	9,10	(1.321.226.252)
Rekstrarhagnaður		1.723.401.247
Hlutdeild minnihluta í afkomu		795.942
Fjármunatekjur	7	218.640.386
Fjármagnsgjöld	7	(774.023.211)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	7	1.398.578.668
Hagnaður fyrir skatta		2.567.393.032
Tekjuskattur	8	(442.216.088)
Heildarafkoma ársins		2.125.176.944

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2010

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		31.12.2010	01.01.2010
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	22.016.631.821	22.382.146.119
Ófnislegar eignir	10	6.224.146.206	6.395.358.500
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	12	182.741.353	242.671.577
Reiknuð skattinneign	19	236.848.317	652.099.273
		<u>28.660.367.697</u>	<u>29.672.275.469</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	13	369.920.223	321.838.801
Viðskiptakröfur	14	1.063.860.059	904.037.782
Næsta árs hluti langtímakrafna	12	89.634.609	69.441.622
Aðrar skammtímakröfur	14	378.975.750	145.193.771
Handbært fé	14	1.506.340.263	1.895.465.133
		<u>3.408.730.904</u>	<u>3.335.977.109</u>
Eignir		<u>32.069.098.601</u>	<u>33.008.252.578</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	15	5.589.063.362	5.589.063.362
Lögbundinn varasjóður		2.483.798.000	2.483.798.000
Sérstakur endurmatsreikningur		55.156.060	0
Óráðstafað eigið fé		2.175.359.409	50.182.465
Eigið fé meirihlutaeigenda		<u>10.303.376.831</u>	<u>8.123.043.827</u>
Hlutdeild minnihluta		(1.143.819)	(347.877)
Eigið fé		<u>10.302.233.012</u>	<u>8.122.695.950</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	16	18.342.130.504	20.867.111.650
Fjármögnunarleigusamningar	17	5.579.247	16.219.553
Tekjuskattsskuldbinding	19	32.875.072	13.889.631
		<u>18.380.584.823</u>	<u>20.897.220.834</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	20	530.873.228	988.092.373
Ríkissjóður		389.971.326	547.821.377
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	1.356.803.204	1.325.280.293
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	20.087.121	57.006.443
Aðrar skammtímaskuldir	20	1.088.545.887	1.070.135.307
		<u>3.386.280.766</u>	<u>3.988.335.793</u>
Skuldir		<u>21.766.865.589</u>	<u>24.885.556.628</u>
Eigið fé og skuldir		<u>32.069.098.601</u>	<u>33.008.252.578</u>

YFIRLIT UM EIGIÐ FÉ 2010

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Stofnfærslur frá Ríkissjóði	10.000.000	0	0	0	10.000.000
Stofnfærslur frá Flugstöðum ohf.	1.579.063.362	101.500.000	0	756.325.332	2.436.888.694
Stofnfærslur frá Keflavíkurflugvelli ohf.	4.000.000.000	2.382.298.000	0	(448.059.985)	5.934.238.015
Breyting tekjuskattsinneignar 1.1.2010	0	0	0	(11.686.352)	(11.686.352)
Áhrif alþjóðlegra reikningsskilastaðla	0	0	0	(246.396.530)	(246.396.530)
Stofnefnahagsstaða 1.1.2010	5.589.063.362	2.483.798.000	0	50.182.465	8.123.043.827
Endurmat eigna hjá dótturfélagi	0	0	55.156.060	0	55.156.060
Heildarafkoma ársins				2.125.176.944	2.125.176.944
Eigið fé meirihlutaeigenda 31.12.2010	5.589.063.362	2.483.798.000	55.156.060	2.175.359.409	10.303.376.831
Hlutdeild minnihluta í eigin fé				0	(1.143.819)
Eigið fé 31.12.2010	5.589.063.362	2.483.798.000	55.156.060	2.175.359.409	10.302.233.012

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2010

	Skýr.	Samstæða 2010
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður		1.723.401.247
Afskriftir	9, 10	1.321.226.252
Gjaldfærð langtímakrafa	12	57.924.552
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna		(13.620.562)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		3.088.931.489
Vörubirgðir (hækkun) lækkun		(48.081.422)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		(375.624.598)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun)		(548.792.722)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.116.432.747
Innborgaðir vextir og arður		349.144.529
Greiddir vextir		(818.482.496)
Greiddir skattar		(57.006.442)
Handbært fé frá rekstri		1.590.088.338
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(646.054.514)
Keyptar/seldar óefnislegar eignir	10	(57.561.094)
Keypt/seld skuldabréf		(36.518.016)
Afborganir skuldabréfa		25.407.956
		(714.725.668)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímaskulda		(1.237.233.794)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga		(9.449.495)
		(1.246.683.289)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(371.320.619)
Handbært fé í upphafi tímabilsins		1.895.465.133
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(17.804.251)
Handbært fé í lok tímabilsins		1.506.340.263
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri		2.562.587.080

1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað 31. janúar 2010 og er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurlflugvelli.

Þann 29. desember 2009 voru sett ný lög á Alþingi nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstöða og Keflavíkurlflugvallar. Þar kom fram að stofnað skuli nýtt opinbert hlutafélag og samkvæmt 5. gr. laganna skal hið nýja félag taka yfir öll réttindi og allar skuldbindingar yfirteknu félaganna sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurlflugvallar o.fl. Yfirtakan veitir ekki sammingsaðilum yfirteknu félaganna, sem samruninn kann að varða, heimild til uppsagnar fyrirleggjandi sammingsambanda.

Isavia ohf. og Flugfjarskipti ehf. sameinuðust þann 1. júlí 2010 en Flugfjarskipti ehf. sérhæfðu sig í að veita flugleiðsöguþjónustu á sviði fjarskipta vegna flugs yfir Norður-Atlantshafi. Flugfjarskipti ehf. var að fullu í eigu Isavia ohf. og ekki voru gefin út hlutabréf vegna samrunans.

Samstæðuársreikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf. og TERN SYSTEMS hf.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Samstæðan er gerð upp í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2010, breytingar á þeim og nýjar túlkningar. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi.

3. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Isavia ohf. birtir nú fyrstu reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Accounting Standards, IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Við innleiðinguna var farið að fyrirmælum IFRS 1 um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Innleiðingin (e. transition date) miðast við 1. janúar 2010.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjáreignir eru færðar á gangvirði.

Til frekari upplýsinga eru birtar samanburðartölur í efnahagsreikningi samkvæmt stofnefnahagsreikningi félagsins þann 1. janúar 2010.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhattu. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagr af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningur félagsins er gerður í þeim gjaldmiðli sem stærstur hluti starfseminnar heyrir undir, þ.e. starfrækslugjaldmiðli.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Fasteignir og lóðir eru endurmetnar á reikningsskiladegi og er endurmatið fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Endurmatið endurspeglar gangvirði eignarinnar á reikningsskiladegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Reglulega skal leggja mat á hvort verulegur munur er á endurmetnu bókfærðu verði og gangvirði eignarinnar. Endurmatslækkun er færð á móti endurmatshækkun. Ef lækkun verður á gangvirði umfram áður færða endurmatshækkun er hún gjaldfærð í rekstrarreikning. Afskriftir endurmetinna fasteigna og lóða eru gjaldfærðar í rekstrarreikning.

Áhöld og tæki eru færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætludum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavíldar er ekki heimilt að bakfæra.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluerð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætludum sölukostnaði.

Skuldabréfaeign og aðrar langtímafröfur

Skuldabréf og aðrar langtímafröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga og fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar félagið hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýmun. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýmun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýmun. Virðisrýmun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýmun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækun.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Flokkað sem skuld eða eigið fé

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu félagsins í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	2010
Tekjur vegna sölu á vörum	5.232.332.361
Tekjur vegna sölu á þjónustu.....	7.273.230.677
Eignatekjur.....	1.630.290.411
	<u>14.135.853.449</u>

6. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2010
Laun	4.733.899.003
Lífeyrissjóður	633.069.648
Tryggingagjald	463.991.650
Önnur launatengd gjöld	82.885.417
Orlofs- og lífeyrisskuldbinding	159.689.208
Eignfærður launakostnaður	(29.399.236)
Annar starfsmannakostnaður	149.677.579
	<u>6.193.813.269</u>
Meðalfjöldi starfa	707

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda samstæðunnar á árinu 2010 námu 71,3 milljónum króna

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur:

	2010
Vaxtatekjur af bankareikningum	69.721.247
Vaxtatekjur af fastafjármunum	114.353.268
Aðrar vaxtatekjur	34.565.871
	<u>218.640.386</u>

Fjármagnsgjöld:

	2010
Vaxtagjöld og verðbætur	(767.212.914)
Bankakostnaður	(2.550.538)
Dráttarvaxtagjöld	(4.259.759)
	<u>(774.023.211)</u>

Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum:

	2010
Gengishagnaður	1.398.578.668
	<u>1.398.578.668</u>

8. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 442,2 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu árinu 2011 nemur 20,1 milljónum króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2010	
	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	2.567.393.032	
Skatthlutfall	(462.130.746)	18,0%
Breyting vegna hækkunar á tekjuskattshlutfalli	(20.397.328)	-0,8%
Aðrir liðir	40.311.986	1,6%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>(442.216.088)</u>	-17,2%

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Stofnfærslur 1.1.2010	19.197.803.846	2.228.473.548	2.042.626.178	4.154.135.993	27.623.039.565
Sérstakt endurmat	67.263.488	0	0	0	67.263.488
Eignfært á árinu	43.901.676	83.306.241	59.218.949	478.508.360	664.935.226
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	(23.031.518)	(23.031.518)
Staða í lok ársins	19.308.969.010	2.311.779.789	2.101.845.127	4.609.612.835	28.332.206.761
Afskriftir					
Stofnfærslur 1.1.2010	2.342.725.327	544.177.892	807.338.481	1.546.651.746	5.240.893.446
Afskrift ársins	465.822.335	86.620.378	146.356.088	390.702.630	1.089.501.431
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	(14.819.937)	(14.819.937)
Staða í lok ársins	2.808.547.662	630.798.270	953.694.569	1.922.534.439	6.315.574.940
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1.2010	16.855.078.519	1.684.295.656	1.235.287.697	2.607.484.247	22.382.146.119
Bókfært verð í lok ársins	16.500.421.348	1.680.981.519	1.148.150.558	2.687.078.396	22.016.631.821
Afskriftarhlutföll	1-14%	2-20%	5-35%	7-33%	

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ohf. voru fasteignir fyrrnefnda félagsins endurmetnar þar sem markaðsverð fasteigna þess félags er talið hærri en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggir á áætluðu söliverði sem staðfest hefur verið af þar til bærum matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok ársins:

	31.12.2010
Endurmetið bókfært verð	136.080.000
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(67.263.488)
Bókfært verð án áhrifa endurmats	68.816.512

Fasteignamat og váttryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Samstæða		
Fasteignir og lóðir	17.376.666.000	27.972.160.000
Vélar og tæki, eignatryggingar		8.455.132.000
Aðrar lausafjártryggingar		250.000.000

Samstæðan hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 16,9 milljörðum króna og eftirstöðvar áhvilandi lána nema 15,8 milljörðum króna.

10. Aðrar óefnislegar eignir

Samstæða	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Stofnfærslur 1.1.2010	477.035.000	5.706.000.000	468.528.486	6.651.563.486
Eignfært á árinu	0	0	60.512.525	60.512.525
Staða í lok ársins	477.035.000	5.706.000.000	529.041.011	6.712.076.011
Afskriftir				
Stofnfærslur 1.1.2010	15.901.167	190.200.000	50.103.819	256.204.986
Afskrift ársins	15.901.167	190.200.000	25.623.654	231.724.821
Staða í lok ársins	31.802.334	380.400.000	75.727.472	487.929.806
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2010	461.133.833	5.515.800.000	418.424.667	6.395.358.500
Bókfært verð í lok ársins	445.232.666	5.325.600.000	453.313.539	6.224.146.206
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	20%	

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf. og Varnarmálastofnunar sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók Keflavíkurflugvöllur ohf. yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en Keflavíkurflugvöllur ohf. skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Varnarmálastofnun f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldferður línulega yfir leigutímann.

11. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. Samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000.000	Verslunarstarfssemi
Tern Systems hf., Kópavogi	77,00%	36.863.636	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Flugfjarskipti ehf., Reykjavík 1/1-30/6	100,00%	250.500.000	Síma- og fjarskiptaþjónusta

12. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

Skuldabréfaeign

	31.12.2010	1.1.2010
Staða í byrjun ársins	71.969.333	168.733.635
Innborganir á árinu	(16.987.114)	0
Nýtt skuldabréf	3.012.000	0
Eignfært vegna samruna	95.277.623	0
Verðbreytingar	143.092	0
Staða í lok ársins	153.414.934	168.733.635
Afborgun 2011	(21.169.943)	(24.032.982)
	132.244.991	144.700.653

12. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur (framhald)

Langtímakröfur

	31.12.2010	1.1.2010
Staða í byrjun ársins	143.379.564	143.379.564
Keypt á árinu	33.506.016	0
Gjaldfærsla ársins	(57.924.552)	0
Staða í lok ársins	118.961.028	143.379.564
Næsta árs gjaldfærsla	(68.464.666)	(45.408.640)
	50.496.362	97.970.924
Skuldabréfaeign og langtímakröfur í lok ársins	182.741.353	242.671.577

13. Vörubirgðir

	31.12.2010	01.01.2010
Rekstrarvörur	13.008.336	12.438.565
Vörur til endursölu	358.911.943	305.453.115
Vörur í flutningi	5.772.387	16.500.000
Varúðarniðurfærsla	(7.772.443)	(12.552.879)
	369.920.223	321.838.801
Tryggingaverðmæti birgða	521.101.044	459.125.434

Engar birgðir eru veðsettar hjá samstæðunni í lok ársins.

14. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2010	01.01.2010
Innlendar viðskiptakröfur	891.900.721	773.581.993
Erlendar viðskiptakröfur	146.695.526	156.086.935
Óreikningsfærðar tekjur	50.357.812	0
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(25.094.000)	(25.631.146)
	1.063.860.059	904.037.782

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2010	01.01.2010
Staða í byrjun ársins	(24.631.146)	(25.631.146)
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(14.291.737)	0
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	13.828.883	0
Staða í lok ársins	(25.094.000)	(25.631.146)

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

14. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2010	01.01.2010
Virðisaukaskattur	108.255.836	87.278.776
Fyrirframgreiddur kostnaður	18.093.324	14.668.456
Fjármagnstekjuskattur	21.882.881	26.907.375
Ógreiddir óinnheimtir vextir	4.855.031	1.291.967
Matarkort	2.834.520	3.506.800
Ofgreidd opinber gjöld	24.110.670	0
Óinnheimtar tekjur	48.084.556	0
Verk í vinnslu, sérverkefni v. styrkja	35.501.089	11.540.397
Aðrar kröfur	115.357.843	0
	<u>378.975.750</u>	<u>145.193.771</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2010	01.01.2010
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.267.982.556	1.626.913.957
Bankainnstæður í erlendri mynt	234.869.118	263.680.796
Sjóður í íslenskum krónum	3.488.589	3.213.670
Sjóðir í erlendri mynt	0	1.656.710
	<u>1.506.340.263</u>	<u>1.895.465.133</u>

15. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok ársins	<u>5.589.063.362</u>	<u>100,0%</u>	<u>5.589.063.362</u>
	5.589.063.362	100,0%	5.589.063.362

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

16. Langtímaskuldir

Samstæða	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2010	01.01.2010
Skuldir í CHF	3.969.103.290	4.063.331.313
Skuldir í EUR	4.040.370.428	5.153.313.321
Skuldir í GBP	1.710.676.569	2.008.883.278
Skuldir í JPY	1.372.720.652	1.363.712.444
Skuldir í SEK	769.146.504	816.499.222
Skuldir í USD	5.391.711.098	6.337.873.721
Skuldir í ISK	2.435.499.403	2.439.718.807
	<u>19.689.227.944</u>	<u>22.183.332.106</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(1.347.097.440)</u>	<u>(1.316.220.456)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>18.342.130.504</u>	<u>20.867.111.650</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Afborganir 2011	1.347.097.440
Afborganir 2012	1.275.754.884
Afborganir 2013	1.254.011.715
Afborganir 2014	1.242.663.566
Afborganir 2015	1.220.055.655
Afborganir síðar	<u>13.349.644.684</u>
	<u>19.689.227.944</u>

17. Fjármögnunarleigusamningar

	Ógjaldfallnar leigugreiðslur		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2010	01.01.2010	31.12.2010	01.01.2010
Greiðslur á næsta reikningsári	9.977.277	10.234.329	9.705.764	9.059.837
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	5.823.379	17.405.542	5.579.247	16.219.553
	<u>15.800.656</u>	<u>27.639.871</u>	<u>15.285.011</u>	<u>25.279.390</u>
Framtíðar vaxtagjöld	(515.645)	(2.360.481)		
Núvirtar eftirstöðvar	<u>15.285.011</u>	<u>25.279.390</u>		

18. Lífeyrisskuldbinding

Isavia ohf. og Fríhöfnin ehf. bera ábyrgð á þeirri lífeyrisskuldbindingu sem myndast umfram heildariðgjöld vegna viðkomandi starfsmanna ár hvert. Ekki er um að ræða að félagið beri ábyrgð á heildarlífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna félagsins sem eru í B-hluta Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins heldur einungis á þeim viðbótargreiðslum sem þurfa að koma til svo að lífeyrisskuldbindingar viðkomandi starfsmanna standi undir sér. Á árinu 2010 hafa verið gjaldfærðar um 97,8 milljónir króna.

19. Reiknuð skattinneign / frestaður skattur

Samstæða	Reiknuð skattinneign	Frestaður skattur
Staða 1.1.2010	652.099.273	(13.889.631)
Lciðrétting vegna samruna	(12.107.430)	0
Breyting vegna hækkunar á tekjuskattshlutfalli	23.684.832	(3.287.507)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2010	(446.915.479)	(15.697.934)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2011 vegna dótturfélags	20.087.121	0
Staða í lok ársins	236.848.317	(32.875.072)

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:	Reiknuð skattinneign	Frestaður skattur
Varanlegir rekstrarfjármunir	(1.102.971.200)	(34.264.847)
Veltufjáreignir	96.279.071	0
Aðrir liðir	(137.125.095)	1.389.775
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	1.380.665.541	0
	236.848.317	(32.875.072)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

Nýtanlegt á árunum 2011 til 2017	258.943.979
Nýtanlegt til ársins 2018	7.011.293.416
Nýtanlegt síðar	34.708.830
	7.304.946.225

20. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2010	01.01.2010
Innlendar viðskiptaskuldir	440.142.893	926.158.647
Erlendar viðskiptaskuldir	90.730.335	61.933.726
	530.873.228	988.092.373

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2010	01.01.2010
Virðisaukaskattur	52.980.121	32.884.136
Fyrirframinnheimtar tekjur	4.052.009	17.190.854
Ógreidd opinber gjöld	4.276.883	5.662.582
Ólokinn verksamningur	5.500.000	12.500.000
Ógreidd lífeyrisskuldbinding	73.020.385	61.668.842
Ógreidd laun og launatengd gjöld	236.400.412	322.477.345
Ógreidd orlofsskuldbinding	515.161.311	342.155.138
Ógreiddir áfallnir vextir	169.290.916	210.933.679
Aðrar skuldir	27.863.850	64.662.731
	1.088.545.887	1.070.135.307

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2010	01.01.2010
Skuldir við lánastofnanir	1.347.097.440	1.316.220.456
Fjármögnunarleigusamningar	9.705.764	9.059.837
	1.356.803.204	1.325.280.293

21. Fjármálagerningar

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	<u>31.12.2010</u>
Handbært fé	1.506.340.263
Lán og kröfur	1.578.157.419
Fjárskuldir	<u>31.12.2010</u>
Aðrar fjárskuldir	21.733.990.517

Lán og kröfur og aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádræginni virðisrýmun.

Áhættustýring

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, útlánaáhætta og lausafjáraáhætta.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Vaxtaáhættan nær aðeins til vaxtaberandi eigna þar sem vaxtaberandi skuldir félagsins bera eingöngu fasta vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningssskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2010	
	<u>50 pkt</u>	<u>100 pkt</u>
Áhrif á afkomu og eigið fé	(66.667.779)	(133.335.558)

21. Fjármálagerningar (framhald)

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Meirihluti langtímaskulda samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðlum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunnar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flókti taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársflókt
	2010	2009	2010	2009	2010
EUR	153,80	179,88	161,89	172,67	4,3%
GBP	178,47	201,60	188,55	193,89	9,1%
JPY	1,41	1,35	1,39	1,33	14,2%
DKK	20,64	24,17	21,74	23,19	4,3%
NOK	19,67	21,67	20,21	19,80	8,8%
SEK	17,16	17,52	16,96	16,30	8,4%
USD	115,05	124,90	122,04	123,59	11,0%
CHF	122,91	121,26	117,24	114,32	9,4%
CAD	115,26	119,04	118,46	109,04	11,8%

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2010

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	80.948.592	4.087.042.466	(4.006.093.874)
GBP	38.617.929	1.719.730.847	(1.681.112.918)
JPY	769.644	1.372.720.652	(1.371.951.008)
CHF	2.152.503	3.980.946.100	(3.978.793.597)
DKK	64.044.439	3.653.528	60.390.911
NOK	4.173.559	6.962.732	(2.789.173)
SEK	2.142.204	769.146.504	(767.004.300)
USD	205.338.701	5.404.348.157	(5.199.009.456)
CAD	156.841	0	156.841

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnistæður og viðskiptakröfur. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun krónunnar um 5% og 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2010	
	5%	10%
EUR	(164.249.849)	(328.499.698)
GBP	(68.925.630)	(137.851.259)
JPY	(56.249.991)	(112.499.983)
CHF	(163.130.537)	(326.261.075)
DKK	2.476.027	4.952.055
NOK	(114.356)	(228.712)
SED	(31.447.176)	(62.894.353)
USD	(213.159.388)	(426.318.775)
CAD	6.430	12.861

21. Fjármálagerningar (framhald)

Útlánaáhætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig	Bókfærð staða 31.12.2010
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	153.414.934
Viðskiptakröfur	1.063.860.059
Aðrar kröfur	360.882.426
Handbært fé	1.506.340.263
	3.084.497.682

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

Lausafjáraætta

Lausafjáraætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa.

	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2010				
Óvaxtaberandi	2.029.477.562	0	0	2.029.477.562
Með fljótandi vöxtum	1.146.784.749	427.498.858	12.072.877.081	13.647.160.688
Með föstum vöxtum	225.688.025	4.570.566.209	1.261.098.034	6.057.352.268
	3.401.950.336	4.998.065.067	13.333.975.115	21.733.990.518
Eignir 31.12.2010				
Óvaxtaberandi	1.433.223.657	35.789.488	52.871.758	1.521.884.903
Með fljótandi vöxtum	1.516.245.667	39.621.616	3.962.130	1.559.829.413
Með föstum vöxtum	2.783.366	0	0	2.783.366
	2.952.252.690	75.411.104	56.833.888	3.084.497.682
Hrein staða 31.12.2010	(363.139.655)	(4.872.157.601)	(13.277.141.227)	(18.512.438.483)

22. Önnur mál

Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsögupjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins og hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands og Færeyja í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart alþjóðasamningum. Um skuldbindingu þessa er í gildi svonefndur Joint Financing samningur sem gerður var árið 1956 á milli þrettán aðildarríkja ICAO en nú eru ríkin tuttugu og fjögur talsins. Notendur þjónustunnar greiða fyrir hana að fullu.

23. Aðrar skuldbindingar

Rekstrarleyfi

Isavia hefur starfsleyfi frá Flugmálastjórn Íslands fyrir flugleiðsöguþjónustu og rekstur flugvalla. Leyfið er samkvæmt reglugerð nr. 631/2008. Keflavíkurflugvöllur hefur fengið flugvallarskírteini til fimm ára og vottun samkvæmt reglugerð um flugvelli.

Félaginu er skylt í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist og þau síðar kunna að undirgangast og varða flugvöllinn, flugvallarsvæðið og flugstöðina og starfsemi þá sem stjórnvöld fer með og yfirtaka.

Á ófriðartímum er félaginu skylt að veita heryfirvöldum Bandaríkjanna aðgang að og afnot af flugstöðinni og í neyðartilvikum. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins skal sjá um að hafa milligöngu um öll bein og óbein samskipti félagsins við bandaríkjaher.

Þjónustusamningur vegna framkvæmda

Þjónustusamningur milli innanríkisráðuneytis og félagsins (áður Flugstöða) tekur meðal annars til viðhalds og stofnframkvæmda vegna flugvalla. Félagið starfar með innanríkisráðuneytinu og leggur fyrir þær tillögur um viðhaldsverkefni og stofnframkvæmdir sem félagið telur nauðsynlegt að ráðist verði í hverju sinni vegna vinnu við samgönguáætlun. Þau verkefni sem falla undir þennan lið eru því samþykkt í samgönguáætlun. Greitt er til félagsins samkvæmt greiðsluáætlun sem tengist áætlaðri framvindu verkefna. Innifalið í þessum hluta þjónustusamningsins er stjórnunarpóknun vegna framkvæmda. Fyrir árið 2010 var fjárhæðin 32 milljónir króna. Á sama tímabili var framkvæmt fyrir 387,8 milljón króna.

Þjónustusamningar vegna reksturs

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsöguþjónustu í innanlandsloftrými, rekstur, viðhald og uppbygging flugvalla og landingarstaða, rekstur flugumferðarskólans og útgáfu AIP handbókar.

Félagið er skuldbundið til að hafa í gildi allar lögboðnar tryggingar þar með talin ábyrgðartrygging flugleiðsöguþjónustu, flugvalla og flugprófana. Vátryggingarvernd þessarar tryggingar á reikningsskiladegi er vegna flugvalla USD 500.000.000, vegna flugumferðarstjórnunar USD 1.000.000.000 og vegna flugprófana USD 500.000.000

Tryggingar félagsins eru undanskyldar bótaskyldu vegna hryðjuverka. Félagið hefur því keypt hryðjuverktryggingu sem bætir tjón fyrir allt að USD 15.000.000.

Skuldbinding vegna starfsmanna

Félagið er með allar tryggingar vegna starfsmanna í samræmi við gildandi kjarasamninga nema tryggingu vegna skírteina flugumferðastjóra. Samkvæmt kjarasamningum flugumferðastjóra skal félagið á sinn kostnað tryggja skírteini hvers flugumferðastjóra sem hefur VFR- og/eða IFR-starfsréttindi. Félagið hefur ekki keypt tryggingu og hvílir því skuldbinding ef til kæmi skírteinamissir flugumferðastjóra í samræmi við kjarasamninga.

24. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 1. apríl 2011.

25. Kennitölur samstæðu

Úr rekstrarreikningi:	2010
Arðsemi	
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	3.044.627.499
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	22%
b) Hagnaðarhlutfall	15%
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	0,38
d) Arðsemi eigin fjár	23%
a) EBITDA/rekstrartekjur	b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagn. á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2010
Nýting fjármagns	
e) Fjárbinding í birgðum	0,03
f) Veltuhraði eigna	0,43
g) Veltuhraði birgða	7,24
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	14,37
e) Birgðir/rekstrartekjur	g) KSV/meðalstaða birgða
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna	h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna
Greiðsluhæfi	
i) Lausafjárhlutfall	0,90
j) Veltufjárhlutfall	1,01
i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir	j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir
Fjárhagslegur styrkur	
k) Eiginfjárhlutfall	0,32
l) Innra virði hlutfjár	1,84
k) Eigið fé/heildarfjármagn	l) Eigið fé/hlutfé
Úr sjóðstreymi ársins:	2010
m) Skuldaþekja handbærs fjár	0,07
n) Gæði afkomu	0,75
o) Gæði rekstrarhagnaðar	1,23
m) Handbært fé frá rekstri/skuldir	n) Handbært fé frá rekstri/hagnaður
	o) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2010
Kostnaðarverð seldra vara/rekstrartekjur	47,43%
Laun og tengd gjöld/rekstrartekjur	43,82%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður/rekstrartekjur	4,37%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur	12,57%
Afskriftir/rekstrartekjur	9,35%
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	87,81%

26. Sjóðstreymisyfirlit

Samstæða	2010
Hagnaður ársins	2.125.176.944
Afskriftir	1.321.226.252
Reiknaðir fjármagnsliðir	(1.271.227.795)
Aðrar breytingar	387.411.680
Hreint veltufé frá rekstri	2.562.587.080
Breyting á:	
Rekstrartengdum eignum	(423.706.020)
Rekstrartengdum skuldum	(548.792.723)
Handbært fé frá rekstri	1.590.088.338